

Úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum

Sólveig Jakobsdóttir

Þuríður Jóhannsdóttir

Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík, júní 2010



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)
Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf (SRR)

Úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum

Matsskýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun og Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

© 2010 Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Ágrip

Úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum var gerð að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins á vormánuðum 2010 og skyldi beinast sérstaklega að þremur stærstu fjarnámsskólunum sem eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Verzlunarskóli Íslands og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Farið var fram á að leitað yrði svara við tilteknum spurningum og til þess beitt viðurkenndum aðferðum. Aflað var nýrra gagna frá fjarnemum og fjarkennurum með rafrænum spurningalistakönnunum og netumhverfi og fjarkennsla greind með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum matskvarða um netnám. Einnig var rætt við stjórnendur skólanna þriggja og upplýsingar fengnar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þá var stuðst við tiltæk gögn og vefi skólanna.

Helstu niðurstöður eru þær að fjarnámið var skipulagt í samræmi við gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla í öllum skólunum þremur og framkvæmd þess almennt gerð í nánú samstarfi við dagskóla þar sem sömu kennarar voru að kenna sömu áfanga og sama eða sambærilegt námsefni var notað. Það er stefna skólanna að prófin séu sambærileg og lokapróf var í langflestum tilvikum stór hluti af lokamati fyrir áfanga. Fjarnemar mæta í próf í sinn skóla eða á annan viðurkenndan prófstað og taka próf undir eftirliti viðurkenndra aðila. Brottfall í fjarnámi var á bilinu 27-40% á vorönn 2010. Í þeim þrem skólum sem metnir voru er hægt að velja áfanga í fjarnámi til stúdentsprófs, verslunarprófs, í iðnnámi (til sveinsprófs og meistaraprófs) og á heilbrigðisbrautum. Fjarnemar eru breiður hópur, grunnskólanemendur, nemendur í framhaldsskólum, fólk sem hætt hefur í skóla og er að taka upp þráðinn oft meðfram vinnu og fólk um og yfir miðjan aldur sem langar að læra. Meirihluti nemenda eru konur og meðalaldur nema er á milli tvítugs og þrítugs. Flestir fjarnema í skólunum þremur búa á höfuðborgarsvæðinu en eru annars búsettir víða um land og erlendis. Meirihluti fjarnema telur sig hafa mikla þörf fyrir fjarnámið og hentar vel að vera í fjarnámi. Nemendur, kennarar og stjórnendur skóla töldu að gæði fjarnáms væru sambærileg við dagskólanám. Stór hluti nemenda taldi að námsárangur sinn væri svipaður í dagskóla og fjarnámi og stór hluti kennara tekur undir það. Þegar nemendur voru beðnir að bera saman gæði fjarnáms og dagskólanáms töldu þó fleiri dagskólanám almennt betra. Fleiri töldu kennsluna betri og samskipti við kennara betri og langflestum nemendum fannst samskipti við samnemendur miklu betri í dagskólanámi. Kennurum fannst kennslan sín yfirleitt vera svipuð að gæðum í dagskóla og fjarnámi. Mjög lítið er um að kennsluhættir í fjarnámi geri ráð fyrir samvinnu og samskiptum nemenda. Notkun tækninnar í kennslukerfunum á netinu er vel nýtt til að skipuleggja námið og gefa nemendum tækifæri til æfinga og sjálfsprófa. Notkun hljóð- og myndefnis er lítið nýtt við fjarkennslu en misjafnlega mikið eftir skólum. Vísbendingar eru um að huga þurfi betur að kennsluháttum sem stuðla að samvinnu og samræðum og aðferðum til að efla samkennd og samhjálp nemenda. Huga þarf að þróun fjarnáms sem hluta af skólaþróun almennt í framhaldsskólum.

Formáli

Undirritaðar unnu þessa úttekt á fjarkennslu á vormánuðum 2010 á vegum Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Við öflun gagna hefur verið ómetanlegt að eiga gott samstarf við fulltrúa skólanna sem úttektin beindist að svo og við starfsfólk ráðuneytisins. Fjölmargir kennarar og nemendur brugðust vel við og sendu okkur greinargóð svör þó próf og/eða skólaslit væru yfirvofandi. Fyrir það ber að þakka.

Þá þökkum við Kristínu H. Guðmundsdóttur sem að langmestu leyti sá um greiningu áfangavefja. Einnig eru þakkir til Amalíu Björnsdóttur sem las yfir Viðauka 1 um framkvæmd kannana og kom með góðar ábendingar um það sem betur mætti fara í umfjöllun um úrtök og þátttöku í könnunum. Undirritaðar bera þó ábyrgð á því sem missagt kann að vera.

Reykjavík, júní 2010

Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Efnisyfirlit

Ágrip

Formáli

1	Inngangur	1
2	Um fjarnámið í þeim skólum sem úttektin tekur til	2
2.1	Upphaf fjarnáms og staðan á vorönn 2010.....	2
2.2	Skipulag fjarnáms	2
2.2.1	Fjarnámsvefir	4
2.2.2	Próf og námsmat frá sjónarhóli skólanna sem stofnana	4
2.2.3	Samspil við dagskóla	4
2.3	Námsframboð	5
2.4	Hópastærðir	6
3	Kennarahópurinn	7
3.1	Fjöldi, kyn, aldur og búseta	7
3.2	Kennslugreinar	7
3.3	Kennsla í fjarnámi og dagskóla	7
3.4	Menntun og undirbúningur kennara.....	8
3.5	Stuðningur og fræðsla innan skóla.....	8
4	Nemendahópurinn	10
4.1	Fjöldi, kyn og aldur	10
4.2	Búseta	10
4.3	Vinna með námi.....	11
4.4	Skráning í áfanga – fjarnám og dagskóli.....	11
4.5	Hvernig nám og hvar?	12
4.6	Þörf og gildi	13
4.7	Hentugleiki og þægindi	13
4.8	Ástæður fyrir að vera í fjarnámi	14
5	Mat á gæðum.....	18
5.1	Aðferðir við gæðamat	18
5.2	Mat á netnámi	18
5.2.1	Mat á inntaki	19
5.2.2	Mat á námsgögnum	19
5.2.3	Mat á skipulagi og kennsluháttum.....	20
5.2.4	Mat á námsmatsaðferðum	21
5.2.5	Mat á samskiptum.....	21
5.2.6	Mat á nýtingu á möguleikum kennslukerfisins	21
5.3	Viðhorf til gæða kennslu	22
5.4	Viðhorf til námsgreina	25
5.5	Brottfall og prófþátttaka	27
5.6	Samanburður á prófum og námsárangri í fjarnámi og dagskóla	29
6	Kostnaður, skilvirkni og hagkvæmni	30
6.1	Kjarasamningar	30
6.2	Vinna og laun kennara – hlutfall yfirvinnu	31
6.3	Kostnaður miðað við þreyttar einingar	31
6.4	Tekjur frá ríki.....	32
6.5	Nemendagjöld	32
6.6	Niðurskurður framlaga frá ríki.....	33
7	Ábendingar og tillögur um þróun fjarnáms	34
8	Samantekt og svör við spurningum	37
	Heimildir	41
	Viðauki 1. Nánari upplýsingar um kannanir og þátttakendur í þeim.....	42
	Viðauki 2. Matskvarði til að meta gæði námskeiða á neti og heildarniðurstöður	45

1 Inngangur

Vorið 2010 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, í samvinnu við Símenntun, Rannsóknir og Ráðgjöf (SRR) við sama svið, að gera þessa úttekt á fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Markmið með úttektinni er að meta hvort nám með fjarkennslusniði í íslenskum framhaldsskólum uppfyllir kröfur gildandi laga, reglugerða og aðalnámskrár og hvort í náminu séu gerðar sambærilegar kröfur og í reglubundnu námi í dagskólum framhaldsskóla. Með úttektinni koma fram upplýsingar um verklag og umgjörð í fjarnámi og metin er þörf fyrir fjarnám á framhaldsskólastigi með tilliti til ólíkra námshópa. Einnig er lagt mat á kostnað, skilvirkni og hagkvæmni fjarnáms og skoðuð starfsþróun kennara m.t.t. undirbúnings og þjálfunar í fjarkennslu. Úttektin beinist fyrst og fremst að Fjölbrautaskólanum í Ármúla (FÁ), Verzlunarskóla Íslands (VÍ) og Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA). En þessir þrjú skólar er samanlagt með um þrjá fjórðu hluta af nemendaígildum í fjarnámi hér á landi (Sigurbjörg Jóhannesdóttir, 2010).

Úttektin er fyrst og fremst byggð á nýjum gögnum. Upplýsingum frá 991 fjarnema og 127 fjarkennurum í þátttökuskólunum þremur var safnað með spurningalistum á netinu. Þeir voru hannaðir af úttektaraðilum til að fá upplýsingar m.a. um skipulag námsins, námsmat og árangur, viðhorf til gæða fjarkennslu og hvernig fjarnámið hentaði mismunandi námshópum og námsgreinum. Nemendur voru spurðir um þarfir og gildi fjarnámsins en kennarar um starfsþróun og faglegan undirbúning. Nánari upplýsingar um þessar kannanir er að finna í Viðauka 1. Einnig voru tekin viðtöl við skólameistara skólanna þriggja og stjórnendur fjarnáms í hverjum skóla. Til að leggja mat á skipulag og framkvæmd fjarkennslu á netinu var útbúinn matskvarði fyrir námskeið á neti (sjá Viðauka 2) með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum gæðastaðli, *National Standards for Quality for Online Courses* (iNACOL, 2007). Var hann notaður við mat á 36 áföngum í fjarkennsluumhverfinu á netinu og við gerð á spurningum í kennarakönnuninni. Í úttektinni er einnig stuðst við fyrirbyggjandi gögn; fyrri úttektir og matskýrslur (Ásrún Matthíasdóttir og Unnar Hermannsson, 2003a, 2003b; Starfshópur um fjar- og dreifnám, 2007), ársskýrslur og annarskýrslur fjarnámsstjóra í skólunum, niðurstöður kannana meðal fjarnema í skólunum og aðrar ritaðar heimildir frá þeim (t.d., Sigurlaug Kristmannsdóttir, 2008; Steinunn H. Hafstað, 2009). Þá er stuðst við nýjar skýrslur sem varða fjarnám sem unnar hafa verið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið (Sigurbjörg Jóhannesdóttir, 2010; Sölvi Sveinsson, 2009). Gagnasöfnun og úrvinnsla vegna úttektar fór fram í apríl og maí. Skólastjórnendur fengu skýrsludrög til umsagnar í byrjun júní og fengu viku til að skila athugasemdum sem tekið var mið af í lokaútgáfu skýrslunnar.

Í þessari skýrslu er fjallað um fjarnámið í skólunum sem úttektin tekur til í kafla 2, þar með talið upphaf fjarnáms, skipulag, námsframboð og hópastærðir. Í kafla 3 er fjallað um kennarahópinn og nemendahópinn í kafla 4. Í kafla 5 eru gæði fjarnámsins skoðuð. Kafla 6 fjallar um kostnað, skilvirkni og hagkvæmni. Í 7. kafla eru ábendingar og tillögur um þróun fjarnámsins. Í lokakaflanum er svo að finna samantekt og svör við þeim spurningum sem lagt var upp með í úttektinni.

2 Um fjarnámið í þeim skólum sem úttektin tekur til

Í skýrslu sem var unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í maí 2010 (Sigurbjörg Jóhannesdóttir) er að finna yfirlit yfir fjar- og dreifnám¹ í framhaldsskólum á Íslandi árið 2009. Þar kemur fram að átta framhaldsskólar útskrifuðu nemendur með einingar úr fjarnámi á vorönn 2009 og fjórtán framhaldsskólar á haustönn 2009. Á árinu luku ígildi 534² ársnemenda námi í FÁ, 287 í VÍ og 148 í VMA og teljast þessir skólar stærstu fjarnámsskólarnir. Tækniskólinn fylgir þó fast á hæla VMA með 136 ársnemendaígildi en aðrir skólar eru með mun færri fjarnema, Borgarholtsskóli telst hafa ígildi 74 ársnema en aðrir færri en 30 árið 2009. Alls var um að ræða 1179 ársnemendur. Þar af var FÁ með 42%, VÍ með 22% og VMA með 12%. Samtals voru þessir þrjú skólar því með 76% af ársnemendaígildum í fjarnámi.

2.1 Upphaf fjarnáms og staðan á vorönn 2010

VMA var fyrstur framhaldsskóla á Íslandi til að bjóða uppá fjarkennslu árið 1994. Á vorönn 2010 var hægt að velja 156 áfanga en 114 voru kenndir. Fjarnemar voru 497, áætlaður meðalaldur þeirra var 29,1 ár, kvenkyns nemendur voru 63% og karlkyns nemendur 37%. Enginn grunnskólanemandi var tekinn inn á vorönn 2010 vegna niðurskurðar.

FÁ bauð fyrst upp á fjarnám á haustönn 2001. Á vorönn 2010 voru 125 áfangar í boði. Þar af voru 121 kenndir og 1821 nemendur skráðir. Af þeim voru 276 (13%) grunnskólanemendur og 141 (um 7%) nemandi úr dagskóla FÁ. Meðalaldur nemenda var 25,1 ár og kvenkyns nemendur voru um 70% en karlkyns nemendur 30%.

Í VÍ var fyrst boðið uppá fjarnám á haustönn 2005. Á vorönn 2010 voru 146 áfangar í boði. Þar af voru 129 kenndir og 910 nemendur skráðir. Af þeim voru 74 (8%) nemendur grunnskóla og 138 (15%) nemendur í dagskóla VÍ. Meðalaldur nemenda var 23,6 ár, kvenkyns nemendur um 60% en karlkyns nemendur 40%.

2.2 Skipulag fjarnáms

Það fjarnám sem í boði er við alla skólana miðast við áfangakerfi framhaldsskólans þar sem nemendur geta valið úr áföngum og sett námið sjálfir saman eftir því sem þeim hentar miðað við kröfur sem gerðar eru í því námi sem þeir hyggjast ljúka. Almennt velja nemendur því staka áfanga sem bjóðast og eru hluti af hinum ýmsu brautum framhaldsskólans. Auk þess hefur verið boðið uppá bóklegt nám í tengslum við starfsnám í nokkrum greinum og í því tilviki eru nemendur stundum teknir inn í námshópum í samráði við þann starfsvettvang sem sér um verklega hluta námsins (sjá nánar undir námsframboð hér á eftir).

Námstími fjarkennslunnar er miðaður við önn framhaldsskólans í öllum skólunum en FÁ og VÍ hafa auk þess boðið upp á sumarönn. Sumarönn var felld niður vegna niðurskurðar í FÁ sumarið 2010. Í FÁ og VÍ eru allir áfangar settir upp í kennslukerfinu³ WebCT eða

¹ Í þessari skýrslu skilgreinum við ekki sérstaklega þessi hugtök en vísum t.d. í nýlega skýrslu (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2007) þar sem fjallað er um þau í Viðauka 1 ásamt fleiri hugtökum sem tengjast fjarnámi.

² Talan 534 ársnemendur er samkvæmt upplýsingum frá skólameistara FÁ sem leiðrétting á tölunni 430 ársnemendur í FÁ árið 2009 skv. skýrslu Sigurbjargar. Heildarfjöldi ársnemendaígilda var þá einnig breytt til samræmis við þær upplýsingar.

³ Skólarnir nota hugtakið kennslukerfi um það sem á ensku hefur verið nefnt learning/course management system. Stundum þýtt sem námsumsjónarkerfi (Guðrún Geirsdóttir o.fl. 2007).

Blackboard⁴ sem líkja má við kennslustofu á netinu. Þar fær hver nemandi aðgang að þeim áföngum sem hann er skráður í. Þar eiga að vera upplýsingar um kennsluáætlun, námsefni, námsmarkmið og námsmat og þar er hægt að hafa samskipti við kennara og samnemendur.

Þegar fjarkennsla hófst við VMA var lögð áhersla á að öll kennslan færi fram með tölvusamskiptum, sem ætla mátti að væru á færi tölvunotanda almennt. Því var tölvupóstur það samskiptaform sem notað var fyrstu árin. Á seinni árum hefur kennslukerfið WebCT/Blackboard verið notað eins og í hinum skólunum en einnig stuðst við vefi sem kennarar hafa sett upp sjáfir. Áfram er þó tölvupóstur sá samskiptamáti sem stuðst er við í meirihluta áfanga eða 62% (68 áfanga af 109) af þeim sem kenndir voru á vorönn 2010 á meðan WebCT/Blackboard var notað í 41 áfanga þ.e. 38%. Ákvörðun hefur verið tekin um að taka Moodle kerfið, sem er opinn hugbúnaður, í notkun í stað WebCT/Blackboard skólaárið 2010-2011.

Í FÁ hefur nemendum frá árinu 2007 verið boðið að koma í skólann í upphafi annar þar sem þeir hitta fjarnámstjórann, fá kynningu á fjarnáminu og eru settir inn í þá tækni sem notuð er. Samkvæmt upplýsingum frá fjarnámsstjóra, hafa þessir kynningarfundir reynst gagnlegir og fækkað þeim vandamálum sem hafa komið upp og þurft að leysa í gegnum síma og tölvupóst yfir önnina. Nemendum býðst að koma í skólann og fá aðstoð hjá fjarnámsstjóra eða hjá tölvusérfræðingum eftir þörfum. Í einstaka greinum hafa kennarar verið að gera tilraunir með að bjóða nemendum að koma í skólann til fundar við kennara en almennt er ekki gert ráð fyrir mætingu í skólann í fjarnáminu. Í sérstökum hópum t.d. á heilbrigðisbraut er þó gert ráð fyrir að námshópar hittist í upphafi náms og þar eru dæmi um að skipulagðar séu staðbundnar lotur (t.d. nuddnám, nám læknaritara og sjúkraliða).

Í VÍ hafa sumir kennarar boðið nemendum að koma og hitta sig í upphafi annar (t.d. tölvukennari og stærðfræðikennarar) og margir kennarar bjóða nemendum að koma til sín í skólann ef þeir þurfa aðstoð. Þetta hefur ekki verið gert á vegum skólans í heild heldur lögð áhersla að kennarar þrói það hver á sínum forsendum hvernig og hvort þeir vilja bjóða nemendum að hitta sig. Í námi sem skipulagt hefur verið fyrir sérstaka hópa (t.d. skólarítaranema) hefur verið gert ráð fyrir staðbundnum lotum. VÍ hefur sérstöðu að því leyti að sett hefur verið upp svæði í kennslukerfinu sem nefnist Marmarinn (eins og opið svæði dagskólanemenda). Hlutverk Marmarans er að stuðla að uppbyggingu samfélags fjarnema. Þar er m.a. að finna umfjöllun um hvernig er að vera fjarnemi, upplýsingar um VÍ, upplýsingar um kennslukerfið, námstækni og þjónustu við nemendur með sérþarfir. Þar birtast vikulega bréf frá fjarnámsstjóra og þar er skiptibókamarkaður fyrir nemendur. Við athugun kom í ljós að töluverð virkni var í flestum umræðuþráðum.

Í VMA er almennt ekki gert ráð fyrir að nemendur komi í skólann til að hitta kennara eða fjarnámsstjóra nema um sérstaka hópa sé að ræða.

⁴ WebCT rann saman við Blackboard árið 2006 svo e.t.v. væri réttara að tala um Blackboard. Í skýrslunni verður hins vegar notað WebCT/Blackboard þar sem heitið WebCT er oft ennþá notað í skólunum sem úttektin nær til og vísar líka til þeirrar útgáfu af kerfinu sem ennþá er notuð í skólunum, WebCT Campus Edition (CE). Við frekari uppfærslur á kerfinu yrði hins vegar væntanlega farið alveg yfir í Blackboard (úr WebCT CE).

2.2.1 Fjarnámsvefir

Allir skólarnir hafa sérstakan tengil á skólavefnum þar sem finna má upplýsingar um fjarkennslu (VMA) eða fjarnám (FÁ, VÍ) sem boðið er upp á við skólana. Þarna geta væntanlegir nemendur kynnt sér það sem í boði er í hverjum skóla og þetta er líka sú gátt sem fjarnemar í hverjum skóla þurfa að fylgjast með til að fá upplýsingar s.s. um prófatíma og staði. Á fjarnámsvefjum allra skólanna eru upplýsingar um fyrirkomulag fjarnámsins og tenglar sem sýna yfirlit yfir þá áfanga sem eru í boði á hverjum tíma. Á vefjum allra skólanna er að finna upplýsingar um kostnað við námið og á vef FÁ og VÍ er hægt að sækja um nám í gegnum vefinn. Vefur VÍ hefur auk þess upplýsingar um samsetningu nemendahópsins á hverri önn og gerir grein fyrir aðferðum sem skólinn viðhefur við gæðamat og birtir jafnóðum niðurstöður mats.

2.2.2 Próf og námsmat frá sjónarhóli skólanna sem stofnana

Í langflestum tilvikum er gert ráð fyrir að fjarnemar mæti í skriflegt lokapróf til að ljúka hverjum áfanga. Þetta er ófrávíkjanleg regla í VÍ þar sem allir nemendur þurfa að taka lokapróf og meginregla í FÁ þó að þar séu dæmi um undantekningar í einstaka áföngum. Í VMA er eitthvað meira um að hægt sé að ljúka áfanga án lokaprófs. Þetta endurspeglast í svörum kennara þegar þeir voru spurðir um hvernig námsmati væri háttað. Þá merktu allir kennarar í VÍ við að lokapróf væri hluti af námsmati hjá þeim, 94% í FÁ og 85% í VMA og er þessi munur marktækur. Fram kemur í viðtölum við skólastjórnendur að þeir telja mikilvægt að hafa skriflegt lokapróf undir eftirliti til að tryggja að skólarnir útskrifi fjarnema sem sannanlega hafa staðist tilskildar kröfur í hverjum áfanga.

Flestir fjarnemar koma til próftöku í sinn skóla en þeir skólar sem úttektin nær til eiga allir gott samstarf við framhaldsskóla, grunnskóla og símenntunarmiðstöðvar víðs vegar um landið sem taka að sér að sjá um próftöku fjarnema. Þá eru skólarnir í samvinnu við íslensk sendiráð um allan heim vegna próftöku fjarnema sem eru erlendis. Eitt dæmi var nefnt um að próf hafi verið tekið um borð í skipi – væntanlega undir eftirliti skipstjóra. Fram kom í viðtölum við stjórnendur fjarnáms að gott samstarf væri á milli þessara þriggja stærstu fjarnámsskóla, VMA, VÍ og FÁ í sambandi við framkvæmd lokaprófa.

Skólastjórar og fjarnámsstjórar í öllum skólunum lögðu áherslu á að prófin eigi að vera alveg sambærileg við dagskóla og nefnt er að kennarar hafi mikinn metnað til að kveða niður raddir um að fjarnámið sé gengisfellt nám. Skólameistari FÁ taldi að fjarnámsprófin væru ekki léttari og bendir á að öll próf séu aðgengileg og hægt að bera þau saman. „Þetta eru sömu kennarnir að prófa úr sömu áföngunum“ sagði hann.

2.2.3 Samspil við dagskóla

Fjarnámið er yfirleitt skipulagt í nánú sambandi við dagskólanámið. Í FÁ sagði fjarnámsstjóri að algengt sé að kennarar kenni saman áfangann bæði í dagskóla og fjarnámi. Þar eru deildir námsgreina faglega ábyrgar fyrir sinni grein og á það við bæði um dagskólann og fjarnámið. Sé ráðinn kennari til fjarkennslu sem ekki kennir við skólann (sem kemur fyrir þótt hitt sé algengara) þá er lagt upp úr því að þeir séu í sambandi við fagdeildina til að tryggja samræmi við dagskólann.

Fjarnámsstjóri VÍ telur að faggreinakennarar hafi almennt mikinn metnað fyrir sína grein og nefndi dæmi um að kennarar sem ekki kærðu sig endilega um að kenna í fjarnáminu tóku það þrátt fyrir það að sér til að tryggja að fjarkennslan yrði í samræmi við kröfur fagdeildarinnar í skólanum.

Í VMA hefur fjarnámið ekki heyrt undir faggreinadeildir þannig að formlegt samstarf væri á milli einstakra fjarkennara og deildarinnar sem kennsla þeirra tilheyrir. Fjarkennarar sem ekki kenna í skólanum hafa samband við stofnunina fyrst og fremst í gegnum kennslustjóra fjarkennslu þar. VMA er sá skóli sem hingað til hefur haft flesta fjarkennara á sínum snærum sem ekki kenna jafnframt við skólann en það hlutfall hefur verið að minnka og skólinn hefur leitast við að fækka þeim kennurum. Í kennarakönnuninni kom fram að um 20% fjarkennara í VMA kenna ekki við dagskólann.

2.3 Námsframboð

Í skýrslu um fjarnám á framhaldsskólastigi árið 2009 (Sigurbjörg Jóhannesdóttir, 2010) kemur fram að 384 áfangar hafi verið kenndir í fjarnámi árið 2009. Flestir áfangar voru bara í boði í einum skóla eða 257 áfangar, 47 áfangar voru kenndir í tveim skólum, 32 í þremur skólum og 25 áfangar voru kenndir í fimm skólum. Flestir skólar bjóða fjarnám á stúdentsprófsbrautum, þar af bjóða átta skólar áfanga á félagfræðabraut og náttúrufræðabraut en fjórir bjóða mála- braut og tveir viðskipta- og hagfræðigreinar. Áfanga til verslunarprófs er hægt að taka í fjarnámi við VÍ og VMA. Sjúkraliðanám er í boði í fjarnámi í fimm skólum og FÁ býður ýmiss konar nám á heilbrigðisbraut í fjarnámi. Ýmsar iðngreinar og hönnunar og handverks- greinar bjóðast í fjarnámi svo og skipstjórnar- og vélstjórnarnám (sjá nánar í skýrslu Sigurbjargar). Meistaraskóli iðnsveina hefur að hluta verið í boði í fjarnámi við VMA og einnig áfangar sem eru hluti af grunnnámi í iðngreinum. Viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi hefur notið vaxandi aðsóknar samkvæmt upplýsingum frá fjarnámsstjóra FÁ.

Á fjarnámsvef VÍ kemur fram að fjarnám er boðið á bóknámsbrautum, þeim sömu og kenndar eru í dagskólanum. Nemendur hafa getað valið alla áfanga til verslunarprófs og stúdentsprófs á félagfræðabraut (alþjóðasvið), náttúrufræðibraut, málabraut og viðskiptabraut. Undanfarnar annir hafa um 150 áfangar verið í boði. Í VÍ hafa verið gerðar tilraunir með að bjóða nám fyrir sérhæfða hópa í fjarnámi með staðbundnum lotum s.s. fyrir starfsmenn póstsins og skólaritara en frá því hefur verið horfið og skólinn einbeitir sér nú að því að sinna hefðbundnu framhaldsskólanámi.

Í VMA eru áfangar í boði í fjarnámi á sjúkraliðabraut, verslunarbraut og á stúdentsbrautum og þar er hægt að bæta við sig viðbótarnámi til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Í VMA voru 127 áfangar í boði skólaárið 2009-2010, þar af 15 sem tilheyra meistaraskóla iðnaðarmanna (sjá fjarkennsluvef skólans). Aðrir áfangar tilheyra þeim brautum framhaldsskólans sem nefndar eru hér að ofan. Skólinn hefur sérstöðu hvað það varðar að nemendur sem taka stærstan hluta náms til lokagráðu í fjarnámi eru útskrifaðir sem fjarnemar. Yfirlit yfir þá hópa sem þannig hafa útskrifast frá vorönn 2007 til vorannar 2010 gefur hugmynd um námsleiðir sem fjarnemar hafa valið. Á þessu tímabili voru 38 stúdentar af bóknámsbrautum, 18 stúdentar með viðbótarnám eftir starfsnám, 22 sjúkraliðar, 15 rafvirkjar og 22 iðnmeistarar.

Í FÁ hefur fjarnám verið í boði á stúdentsprófsbrautunum félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, viðskipta og hagfræðibraut og á braut sem skilgreind er sem viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi (*Nám að loknum grunnskóla*, 2010). Þá býður skólinn fjarnám í nokkrum greinum á heilbrigðisbraut þar sem fjarnámsáfangar eru í boði á eftirtöldum brautum: Framhaldsnám sjúkraliða, lækningarabraut, lyfjatæknabraut, nuddbraut, sjúkraliðabraut og tanntæknabraut. Í FÁ voru 125 áfangar í boði á vorönn 2010, flestir tilheyrðu stúdentsprófsbrautum en töluverður fjöldi (30-40) er hluti af námi á heilbrigðisbrautum sem er sérsvið sem FÁ hýsir.

2.4 Hópastærðir

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum fjarnáms í skólunum þremur er meðalhópastærð mjög mismunandi eftir skólum. Í FÁ var meðalstærð hópa 32 nemendur haust og vor 2009-2010, í VÍ voru um 14 nemendur í hóp að meðaltali sumar og haust 2009 og 15 vorið 2010 og í VMA var meðalhópastærð 6-6,5 nemendur á skólaárinu 2009-2010. Í könnuninni meðal kennara voru þeir spurðir að því hvaða hópastærðum þeir hefðu reynslu af að kenna. Flestir höfðu reynslu af að kenna 11-20 manna hópum (67%), 60% 6-10 manna hópum og 53% 21-30 manna. Í ljós kom að herra hlutfall kennara í FÁ hefur reynslu af að kenna fjölmennum hópum en þar hafa 7 kennarar (14%) reynslu af að kenna hópum með yfir 80 nemendur og 14 (28%) höfðu reynslu af 61-80 nemendum í hóp. Í VMA segjast hins vegar fleiri hafa reynslu af mjög fámennum hópum þar sem 23 (56%) höfðu kennt hópum með 1-5 nemendum. Sjá nánar í töflu 1 í 3. kafla.

3 Kennarahópurinn

3.1 Fjöldi, kyn, aldur og búseta

Á vorönn 2010 voru samtals 166 kennarar á fjarkennaralistum FÁ, VÍ og VMA, 101 kona (61%) og 65 karlar (39%). Við FÁ voru 60 fjarkennarar, 44 konur og 16 karlar (kynjahlutfall 73:27). Við VÍ voru 52 fjarkennarar, 35 konur og 17 karlar (kynjahlutfall 67:33), og við VMA voru 54 fjarkennarar, 22 konur og 32 karlar (kynjahlutfall 41:59). Þessir hópar fengu boð um þátttöku í kennarakönnuninni og svöruðu 127 manns eða 77%. Lýsingar á kennarahópnum sem hér fara á eftir byggja á svörum þátttakenda í könnuninni.

Um 60% svarenda í kennarakönnun voru kvk. en 40% kk. nær sama hlutfall og í öllum kennarahópnum. Marktækur munur var á milli skóla, hæsta hlutfall karlkennara var í VMA (63%) en 32% í FÁ og 25% í VÍ. Mjög lítil hluti svarenda var yngri en 30 ára (6%) en nokkuð jafnskipt á milli 31-50 ára (48%) og 51 eða eldri (46%). Ekki var marktækur munur milli skóla í aldursdreifingu. Um 89% af svarendum bjó mjög nálægt sínum skóla (< hálf tíma keyrslu), um 4% tiltölulega nálægt (hálf tíma til tveggja tíma) en um 7% langt frá (meira en tvo tíma frá). Marktækur munur var á milli skóla hvað þetta varðaði. Hlutfall kennara sem bjó langt frá var langhæst í VMA (20%) en 2% í FÁ og 0% í VÍ. Langflestir kennarar í Reykjavíkurskólunum bjuggu mjög nálægt (92% í FÁ og 97% í VÍ) eða tiltölulega nálægt (6% í FÁ og 3% í VÍ). Samsvarandi tölur fyrir VMA voru 78% og 2%.

3.2 Kennslugreinar

Kennarar merktu við hvaða greinar þeir kenndu í fjarnámi. Flestir merktu við erlend tungumál (41), næstflestir við náttúrufræði eða raungreinar (22) og félagsgreinar (21). Allmargir merktu einnig við stærðfræði (18) og íslensku (13), nokkrir við tölvur/upplýsingatækni (8) og örfáir við list og/eða verkgreinar (3). En 19 merktu við „aðrar greinar.“

3.3 Kennsla í fjarnámi og dagskóla

Að meðaltali kenndu kennarar tvo fjarnámsáfanga á önninni (frá 1 upp í 6). Algengast var að um einn áfanga væri að ræða 39% (34% í FÁ, 36% í VÍ og 49% í VMA), en 25% kenndu tvo fjarnámsáfanga á vorönninni og 20% 3, 12% fjóra, 2% fimm og 1 kennari (1%) sex. Um var að ræða reynslubolta m.t.t. fjarkennslu að því leyti að 80% sögðust hafa kennt í fjarnámi í 7 annir eða meira (90% í VMA, 78% í VÍ og 74% í FÁ). Um 13% gaf til kynna fjarkennslureynslu í 3-6 annir en 7% í 1-2 annir (12% í FÁ, 3% í VÍ og 5% í VMA).

Meirihluti kennara eða um 78% kenndu einnig í dagskóla viðkomandi skóla (74% í FÁ, 92% í VÍ og 71% í VMA). Um 20% kennara í VMA kenndi við annan dagskóla en enginn kennari í hinum tveimur skólunum. Mjög sjaldgæft var að kennarar kenndu í fjarnámi við annan skóla (eingöngu 2 einstaklingar, 2% svarenda, 1 við VMA og 1 í FÁ). Heildarfjöldi áfanga sem svarendur (svarhlutfall 90%) kenndu á vorönninni samanlagt í dagskóla og fjarskóla voru að meðaltali 4,7 (4,4 í FÁ, 4,8 í VÍ og 4,9 í VMA) en heildarfjöldi áfanga var frá 1 upp í 10. Að meðaltali kenndi hver kennari helming sinna áfanga í fjarnámi (ekki marktækur munur eftir skólum). Hlutfall fjölda fjarnámsáfanga af heildaráfangafjölda var fjórðungur eða minna hjá 20% kennara, 26-50% hjá 46% kennara, 51-75% hjá 17% kennara, en 17% svarenda var með meira en 76% af sínum áföngum í fjarnámi, í síðast talda hópnum voru allir nema tveir sem

voru með 100% kennslu í fjarnámi. Með öðrum orðum, í um 2/3 hluta tilvika kenndu kennarar helming eða minna af sínum áföngum í fjarnámi en um 1/3 hluti kennara kenndi fleiri fjarnámsáfanga heldur en dagskólaáfanga.

Kennarar höfðu reynslu af að kenna mjög misstórum hópum eins og Tafla 1 sýnir. Hærra hlutfall í VMA en í hinum skólunum hafði reynslu af að kenna mjög fámennum hópum en reynslan var mest í FÁ að kenna fjölmennum hópum. Tilhneiging var hjá svarendum að telja hópstærðir æskilegar sem þeir höfðu reynslu af að kenna en þegar á heildina var litið var hæsta hlutfallið 47% sem taldi hópstærðina 11-20 nemendur æskilegasta, næst kom 21-30 nemendur og svo 6-10 nemendur.

Tafla 1. Reynsla kennara af að kenna mismunandi hópstærðum og mat þeirra á hvaða hópstærðir eru æskilegar í fjarkennslu.

Hópstærð	Hlutfall kennara (%) sem hefur reynslu af að kenna hverri hópstærð (skyggðir reitir >50%)				Æskileg hópstærð (að mati kennara) (skyggðir reitir 25% eða hærra hlutfall)			
	FÁ	VÍ	VMA	Alls	FÁ	VÍ	VMA	Alls
1-5	17	47	56	38	0	6	10	5
6-10	40	75	71	60	2	25	50	24
11-20	56	72	76	67	26	64	36	47
21-30	60	53	44	53	38	47	7	31
31-40	64	31	9	37	40	14	2	20
41-50	54	19	7	29	25	3	0	12
61-80	28	3	2 ⁵	13	8	0	0	3
81+	14	0	2	6	6	3	0	3

3.4 Menntun og undirbúningur kennara

Rúmlega 90% af þeim kennurum sem svöruðu kennarakönnun voru með kennsluréttindi⁶, 6% sögðust vera í kennsluréttindanámi en 3% höfðu ekki réttindi og voru ekki í námi. Rúmlega helmingur svarenda (54%) sögðust engan formlegan undirbúning hafa fengið varðandi fjar- eða netkennslu í sínu kennaranámi, 28% höfðu fengið 1 eða 2 námskeið en 17% höfðu fengið meira en það. Tæpur fjórðungur (24%) sögðust hafa reynslu af að vera fjarnemar sjálfir í kennaranámi sínu og 29% í annars konar háskólanámi, þrjú kennarar (2,4%) höfðu reynslu af að vera fjarnemar í formlegu námi á framhaldsskólastigi, en töluvert fleiri (15) 12% að vera skráðir í einn eða fleiri áfanga á framhaldsskólastigi s.s. hjá samkennurum.

3.5 Stuðningur og fræðsla innan skóla

Í hverjum skóla sinnir stjórnandi fjarnáms ýmiss konar stuðningi og fræðslu við kennara og nemendur auk þess sem hægt er fá stoðþjónustu í tæknimálum. Í könnuninni voru kennarar spurðir um möguleika á námskeiðum og leiðsögn. Tafla 2 sýnir aðgang svarenda að ýmiss konar aðstoð eða námskeiðum varðandi fjarkennslu frá sínum skóla. Yfirleitt hafa kennarar aðgang að kennslu/leiðsögn (85%), tækniaðstoð (98%), aðstoð varðandi utanumhald og skipulag fjarnámsáfanga (88%) og 65% átti kost á kynningu/þjálfunarnámskeiði um fjar- kennslu áður en kennsla hófst. Meirihluti hafði nýtt sér þennan stuðning og/eða fræðslu og er þá yfirleitt ánægður (sjá töflu). Marktækur munur er í svörum eftir skólum hvað varðar

⁵ Samkvæmt upplýsingum kennslustjóra fjarkennslu í VMA eru ekki dæmi um fjölmennari áfanga en 60 nemenda í VMA. Reynsla kennara gæti verið úr öðrum skólum.

⁶ Allir nema 1 svöruðu þessari spurningu (99,1% svörun).

kennslu/leiðsögn, tækniaðstoð og námskeið. Í öllum þremur flokkunum eru fleiri sem segja að aðstoðin sé í boði í FÁ og VÍ heldur en í VMA. Hugsanlega skýrist þetta af því að í VMA er um fimmtungur fjarkennara sem kennir við aðra skóla. Í fyrst töldu flokkunum tveimur virðist einnig meiri ánægja með aðstoðina í Reykjavíkurskólunum. Þá virðist ánægja með kynningu og þjálfunarnámskeið vera meiri í FÁ en í hinum skólunum tveimur.

Tafla 2. Hlutfall kennara sem hefur aðgang að ýmiss konar aðstoð eða námskeiðum frá sínum skóla varðandi fjarkennslu og ánægja/óánægja með hvern þátt ef viðkomandi hefur nýtt hann.

Spurning (svarhlutfall)	FÁ	VÍ	VMA	Alls
Ég á kost á kennslu/leiðsögn frá skólanum (98% svarhlutfall)	94%	86%	72%	85%
Ef nýtt - hversu ánægðir með þá leiðsögn, N=108 (85% svarhlutfall)				
Mjög ánægður/ánægður	92%	83%	60%	81%
Hvorki né	6%	17%	37%	18%
Óánægð(ur)/mjög óánægður	2%	0%	3%	2%
Ég á kost á tækniaðstoð frá skólanum (98% svarhlutfall)	100%	100%	95%	98%
Ef nýtt - hversu ánægðir með þá leiðsögn, N=117 (92% svarhlutfall)				
Mjög ánægður/ánægður	98%	93%	76%	91%
Hvorki né	0%	7%	21%	8%
Óánægð(ur)/mjög óánægður	2%	0%	3%	1%
Ég á kost á aðstoð frá skólanum við utanumhald og skipulag fjarnámsáfanga (96% svarhlutfall)	88%	97%	81%	88%
Ef nýtt - Hversu ánægðir með þá leiðsögn, N=106 (83% svarhlutfall)				
Mjög ánægður/ánægður	84%	94%	72%	84%
Hvorki né	16%	6%	28%	16%
Óánægð(ur)/mjög óánægður	0%	0%	0%	0%
Skólinn bauð upp á kynningu/þjálfunarnámskeið um fjarkennslu áður en ég hóf slíka kennslu við skólann (98% svarhlutfall)	84%	69%	38%	65%
Ef nýtt - Hversu ánægðir með þá leiðsögn, N=82 (65% svarhlutfall)				
Mjög ánægður/ánægður	95%	67%	72%	82%
Hvorki né	5%	29%	28%	17%
Óánægð(ur)/mjög óánægður	0%	4%	0%	1%


Kennarar voru spurðir hvaða aðferðir þeir nýttu helst til að byggja upp fjarkennslu. Langalgengast var að kennarar byggðu á sjálfsnámi og eigin reynslu (74%), þá stuðningi frá skóla (65%) og stuðningi frá samkennum (58%). Þá nýttu allmargir ýmsa fræðslu/námskeið utan skólans (29%) og rúmur fjórðungur (27%) hafði reynslu af að vera fjarnemi. Aðeins rúmur fimmtungur (22%) sagðist byggja á reynslu úr kennaranámi sínu. Ekki var marktækur munur milli skóla nema hvað varðaði stuðning frá skóla sem síst var merkt við úr hópi VMA kennara (37% sögðust nýta þá aðferð miðað við 78% í hinum skólunum tveimur).

4 Nemendahópurinn

4.1 Fjöldi, kyn og aldur

Á vorönn 2010 voru samtals 3228 nemendur skráðir í fjarnám í skólunum þremur (kynjahlutfall 66% kvk., 34% kk.): 1821 voru skráðir í FÁ (70% kvk. og 30% kk.), um helmingi færri eða 910 í VÍ (61% kvk. og 39% kk.) og 497 í VMA (63% kvk. og 37% kk.). Meðalaldur fjarnema í FÁ var 25,1, í VÍ var hann 23,6 ár en 29,1 í VMA. Þessir hópar fengu boð um þátttöku í fjarnemakönnuninni og svöruðu 991 manns (31%). Lýsingar á nemendahópnum sem hér fara á eftir byggja á svörum þátttakenda í könnuninni.

Mynd 1 sýnir aldursdreifingu svarenda í fjarnemakönnuninni. Marktækur munur er í aldursdreifingu eftir skólum. VÍ sker sig frá að því leyti að um helmingur svarenda er á aldrinum 16-20 ára (51%) sem er mun hærra hlutfall en í hinum skólunum (þar er um þriðjungur í þeim aldurshópi). Myndin sýnir sérstöðu VMA að því leyti að þar eru engir úr yngsta hópnum (15 ára og yngri) þar sem engir grunnskólanemar voru í skólunum á vorönn 2010. Einnig er í VMA töluvert hátt hlutfall í hópnum 31 árs og eldri (39%) miðað við hina skólana (24% í FÁ og 14% í VÍ).



Mynd 1. Aldursdreifing svarenda í nemendakönnun úr þátttökuskólunum þremur.

Kynjahlutfall er breytilegt í fjarnemahópnum skólanna (marktækur munur). Í FÁ er tiltölulega hærra hlutfall fjarnema kvenkyns (70% en 61% í VÍ og 63% í VMA). Í svarendahópnum er tiltölulega hærra hlutfall kvenna í FÁ og VÍ heldur en í úrtakinu (79% og 71%) en mjög svipað í VMA (64%).

4.2 Búseta

Um 6% svarenda er búsettur erlendis. Ekki er marktækur munur milli skóla hvað það varðar. Hins vegar er mikill munur eftir búsetu innanlands. Langflestir í FÁ og VÍ gáfu upp póstnúmer í Reykjavík og nágrenni (101-276), eða 59% í FÁ og 57% í VÍ en eingöngu um 10% í VMA. Á hinn bóginn búa um 52% VMA nemenda á Akureyri eða nágrenni (600-699)

og 69% ef horft er til næstu byggðarlaga norðanlands og austan (500-799). Fjarnemar af öðrum landsvæðum dreifast nokkuð jafnt á milli skóla eins og sjá má í Töflu 3.

Tafla 3. Búseta fjarnema í könnun eftir skólum og póstnúmerum – hlutfall sem gáfu upp búsetu hér á landi og erlendis (%), miðað við heildarfjölda (3-5% úr hverjum skóla gáfu ekki upp búsetu).

Póstnúmer	Skóli			Alls (N=991) %
	FÁ (N=518) %	VÍ (N=271) %	VMA (N=202) %	
100-190	31	30	7	26
200-276	28	27	3	23
300-380	7	7	4	6
400-471	3	2	3	3
500-580	1	2	10	3
600-690	7	10	52	17
700-785	3	3	7	4
800-902	9	9	5	9
Erlendis	6	7	4	6

Svarendur í nemendakönnun voru flokkaðir út frá póstnúmerum eftir því hvort þeir byggju í þéttbýli (og/eða í póstnúmerum með framhaldsskóla), í dreifbýli/póstnúmeri þar sem ekki væri framhaldsskóli eða erlendis. Eins og áður sagði voru 6% þegar á heildina er litið búsettir erlendis, 72% í þéttbýli og/eða með framhaldsskóla í næsta nágrenni en 22% í dreifbýli. Dreifbýlishópurinn (82 svarendur) raðar sér ójafnt niður á skólana þrjá, 42% eru í VMA (44% af þeirra hópi), 40% þeirra er í FÁ (17% af þeirra nemendahópi) en 18% í VÍ (14% af þeirra nemendahópi).

4.3 Vinna með námi

Um 35% svarenda í nemendakönnuninni segist ekki vinna neina launaða vinnu með náminu⁷, 24% vinnur í 1-20 klst., 25% í 21-40 en 16% í 41 klst. á viku eða meira. Vinnumagnið er háð aldri og kyni. Um 72% 15 ára og yngri vinnur ekki launaða vinnu með náminu og 25% til viðbótar innan við 10 tíma á viku. Um 37-38% á aldrinum 16-30 ára vinnur ekki launaða vinnu með námi en eingöngu 12-14% í hópi 41 árs og eldri. Hins vegar eru um 64-65% þeirra sem eru í aldurshópnum 41 árs og eldri sem vinna a.m.k. 31 tíma á viku, 58% á aldrinum 31-40 ára vinnur svo mikið en 28% á aldrinum 21-30 ára og 13% 16-20 ára. Hærra hlutfall karla en kvenna vinnur mjög mikið með náminu, 25% karla (41 tíma eða meira) en 12% kvenna. Hins vegar er svipað hlutfall karlkyns og kvenkyns svarenda sem er ekki með launaða vinnu með námi (34% kvk. svarenda og 37% kk. svarenda).

4.4 Skráning í áfanga – fjarnám og dagskóli

Um 86% nemanna voru skráðir í 1 til 3 fjarnámsáfanga: 42% voru skráðir í einn, 27% í tvo og 16% í þrjá. Mun færri voru skráðir í meira fjarnám (5% í fjóra, 3% í fimm og 6% í sex eða fleiri). Meðaltal fjarnámseininga var 6,4 (97% svarhlutfall). Nemendur voru einnig spurðir um heildarfjölda áfanga sem þeir væru skráðir í á önninni (fjarnám og dagskóla). Um 79% svaraði þessari spurningu – svarhlutfall var lágt þar sem grunnskólanemar áttu í vandræðum með að

⁷ Svarhlutfall 99%.

svara henni. Að meðaltali voru nemendur skráðir í 6 til 7 áfanga (meðaltal = 6,6, N = 780) en meðaleiningafjöldinn (fjarnám og dagskóli) var 13,9.

Flestir höfðu verið skráðir í 1-2 annir í fjarnám (58%) eða 3-4 annir (28%) en eingöngu um 15% gáfu til kynna meira fjarnám að baki en það (10% 5-6 annir, 3% 7-8 annir og 2% 9 annir eða meira). Marktækur munur var eftir skólum hvað þetta varðaði, hærra hlutfall nema í VMA eða um fjórðungur gaf til kynna tiltölulega mikla fjarnámsreynslu (13% 5-6 annir, 7% 7-8 annir og 4% 9 annir eða meira).

4.5 Hvernig nám og hvar?

Um 91% nema svaraði á hvaða braut þeir væru skráðir. Flestir nefndu stúdentsbraut eða 44% (59% í VÍ en um 38-39% í FÁ og VMA). Um 14% voru skráðir á almenna braut, 13% í heilbrigðisnám (19% í FÁ, 2% í VÍ og 10% í VMA), 6% í iðnnám (2,5% í FÁ, 5% í VÍ og 14% í VMA). Um 24% sagðist vera skráður á annars konar braut/nám.

Í könnuninni gaf um fjórðungur nemenda til kynna að þeir stunduðu nám í dagskóla annars skóla (sjá Töflu 4). Um 10% stunduðu dagskóla í sama skóla en þar var marktækur munur eftir skólum (18% VMA nema á mótí 7-8% í FÁ og VÍ). Um 8% stunduðu einnig fjarnám í öðrum framhaldsskóla, um 1,3% í háskóla og 13% svarenda í FÁ og 10% í VÍ voru grunnskólanemendur.

Tafla 4. Hlutfall (%) nemenda í könnun sem gefur til kynna annars konar nám en fjarnámið í viðkomandi skóla

Annað nám en fjarnám í viðkomandi skóla	FÁ %	VÍ %	VMA %	Alls %
Fjarnám í öðrum framhaldsskóla	8	9	8	8
Dagskóla í sama skóla	7	8	18	10
Dagskóla í öðrum skóla	25	27	23	25
Háskóla	1,2	2,2	0,5	1,3
Grunnskóla	13	10	0	10

Nemendur nefndu í hvaða skólum þeir stunduðu nám öðrum en þeim skóla þar sem þeir voru skráðir í fjarnámsáfanga. Í ljós kom mikil dreifing. Grunnskólanemendur í FÁ (50 talsins) nefndu 24 grunnskóla, 15 af höfuðborgarsvæðinu en annars dreifða um landið. Stærsti hópurinn, 9 nemendur, komu úr Varmárskóla. Þá nefndu 164 nemendur (31% svarenda úr FÁ) 27 aðra framhaldsskóla sem þeir stunduðu nám við. Svör voru nokkuð jafndreifð en einna flestir komu úr FB (24), 20 voru úr MH, 18 úr FSU, 11 úr BHS og 9 úr VÍ. Þá voru um 26 nemendur úr FÁ sem nefndu 19 annars konar skóla (t.d. nefndu 5 Nuddskóla Íslands) eða fullorðinsfræðslu (s.s. Fræðslunet Suðurlands). Grunnskólanemendur úr VÍ voru 24 og nefndu þeir 15 grunnskóla, 8 úr Reykjavík og nágrenni en öðrum dreifðum um landið. Þá voru 96 nemendur úr VÍ (35% svarenda þaðan) sem nefndu 22 framhaldsskóla sem þeir væru einnig í námi við. Stærstu hóparnir voru úr FSU (13), MH (12) og FÁ (11) en annars voru svör mjög dreifð. Níu aðrir skólar eða fræðslustofnanir voru einnig nefnd. Úr VMA gáfu 43 fjarnemar (21% svarenda þaðan) upp 18 framhaldsskóla sem þeir stunduðu einnig nám við, einna helst voru namar úr MA (6 svör) og FB (5 svör) en að öðru leyti mjög dreifð svör.

Þessi mikla dreifing fjarnema um landið sýnir að þróun í framhaldsskólunum hefur verið í samræmi við áætlun menntamálaráðuneytis, *Forskot til framtíðar* (2001) og stefnu, *Áræði með ábyrgð* (2005). Þar er gert ráð fyrir að stuðlað verði að auknu dreifnámi og að gefa nemendum kleift að stunda nám óháð búsetu/stað og stund.

4.6 Þörf og gildi

Um 61% svarenda í fjarnemakönnuninni segist hafa mikla eða mjög mikla þörf fyrir að stunda fjarnámið. Algengast er að svarendur telji sig hafa mjög mikla þörf að stunda fjarnám (35% svarenda), næstflestir segja mikla (26%) og þá töluverða (26%), 11% litla og 2% mjög litla. Ekki er marktækur munur varðandi skóla eða búsetu en munur er á dreifingu svara eftir aldri. Þeir yngstu og elstu telja sig hafa minni þörf fyrir fjarnámið en hinir. Marktækur munur er einnig á þörf eftir brautum. Einna mest virðist þörfin vera í heilbrigðisnáminu (72% telja sig hafa mikla eða mjög mikla þörf fyrir námið) svo og á stúdentsbrautum þar sem samsvarandi hlutfall er 68%. Einnig er mikil þörf á öðrum brautum (óskilgreint hvaða brautir í könnuninni). En grunnskólahópurinn (15 ára og yngri) sker sig úr. Eingöngu 28% af þeim telja sig hafa mikla eða mjög mikla þörf fyrir námið, 32% töluverða en 40% litla eða mjög litla.

Um 69-70% nemenda segir að fjarnámið hafi mjög mikið eða mikið hagnýtt gildi fyrir sig svo og menntunargildi. Ennfremur eru um 52% sem segjast hafa mikla eða mjög mikla ánægju af náminu. Kvenkyns svarendur eru líklegri til að meta gildi fjarnámsins hærra en karlar m.t.t. hagnýtingar, menntunar og ánægju: 74% kvenkyns svarenda en 60% karlkyns svarenda telur fjarnámið hafa mjög mikið eða mikið hagnýtt gildi. Samsvarandi tölur fyrir menntunargildi hjá kvk. og kk. fjarnemum eru 73% og 57% en varðandi ánægju 56% og 43% (sem hefur mikla eða mjög mikla ánægju af fjarnáminu).

4.7 Hentugleiki og þægindi

Þegar á heildina er litið töldu flestir fjarnemar að það hentaði sér mjög vel (41%) eða vel (31%) að vera í fjarnámi á meðan 22% telja það í lagi. Eingöngu 5% telja það henta sér illa eða mjög illa (57 einstaklingar). Af þeim eru langflestir 25 ára eða yngri, þ.e. 3 (5%) á grunnskólaaldri, 15 ára eða yngri; 33 (56%) á „hefðbundnum“ framhaldsskólaaldri (16-20 ára); og 15 (26%) á aldrinum 21-25 ára. Stærsti hluti þessa hóps vinnur ekki mikið með námi (40% ekki neitt, 14% 1-10 tíma og 14% 11-20 tíma á viku að staðaldri). Langflestir eru að taka einn (48%) eða tvo (30%) fjarnámsáfanga. Algengast er að nemendur á menntaskólaaldri sem svara að henti sér illa eða mjög illa að vera í fjarnámi séu í 7-8 áföngum (42%).

Marktækur munur er á dreifingu svara eftir brautum. Einna best virðist nemendum sem eru í heilbrigðisnámi henta að vera í fjarnámi. Ekki var marktækur munur milli skóla varðandi hentugleika.

Svipaðar niðurstöður koma fram varðandi það hversu þægilegt/óþægilegt nemendum finnst að vera í fjarnámi. Þegar á heildina er litið töldu 32% það mjög þægilegt, 32% þægilegt, 27% í lagi, 8% óþægilegt og 2% mjög óþægilegt.

Kennarar voru spurðir hvort þeir teldu að það hentaði mismunandi aldurshópum sérstaklega vel eða illa að vera í fjarnámi. Langflestir kennarar (92-96%) höfðu reynslu af að kenna

aldursflokkum frá 16 ára aldri. Einnig merktu 64% við að þeir hefðu reynslu af að kenna grunnskólanemum. Greinilegt samsvörun var við svör nemendanna að því leyti að yngri hóparnir (grunnskóla- og 16-20 ára) voru helst nefndir til sögunnar sem aldurshópar sem hentaði ekki vel að vera í fjarnámi en þó var einungis fimmtungur kennarar sem áleit að það hentaði þeim aldurshópum sérlega illa. Á hinn bóginn var talið að hentaði eldri hópunum vel að vera í fjarnámi ekki síst 26-40 ára sem 65% kennara merkti við í því samhengi.

Tafla 5. Hlutfall (%) fjarkennara sem telur að ákveðnum aldurshópum henti sérstaklega illa eða vel að vera í fjarnámi.

Aldurshópur fjarnema	Telur að henti sérstaklega illa að vera í fjarnámi (% sem velur) ☹				Telur að henti sérstaklega vel að vera í fjarnámi (% sem velur) ☺			
	FÁ	VÍ	VMA	Alls	FÁ	VÍ	VMA	Alls
Grunnskólaaldur	12	28	22	20	26	19	17	21
16-20	20	22	20	20	24	25	29	26
21-25	0	3	0	1	50	44	61	52
26-40	0	0	0	0	68	58	66	65
41+	6	3	15	8	56	50	51	53

Í opnum spurningum voru kennarar einnig spurðir um hvort þeir teldu að það hentaði einhverjum námshópum sérlega vel eða illa að vera í fjarnámi. Kennarar nefndu helst að það hentaði oft ekki yngri dagskólanemum t.d. þeim sem hefðu fallið í dagskólaáföngum, væru með námsörðugleika, hefðu ekki nægilegan sjálfsaga eða sjálfstæði. Einnig voru margir sem nefndu að það hentaði ekki fólki sem hefði ekki nægilegan undirbúning, tæknilega eða námslega. En á hinn bóginn voru margir sem töldu fjarnámið henta vel eldri námsmönnum sem hefðu hætt námi en væru að koma inn aftur, þeim sem væru getumiklir námsmenn, hefðu skýr markmið/væru vel skipulagðir, áhugasamir, samviskusamir og með sjálfsaga. Þá var fjarnámið talið henta vel þeim sem ættu ekki heimangengt vegna barna, veikinda eða félagsfælni, væru búsettir afskekkt eða fjarri skóla eða þyrftu að vinna með náminu eða væru atvinnulausir. En einnig töldu sumir að fjarnám hentaði öllum.

4.8 Ástæður fyrir að vera í fjarnámi

Nemendur gátu merkt við 17 ástæður fyrir því að þeir væru skráðir í fjarnám og merktu að meðaltali við 3 til 4 ástæður (3,6) en marktækur munur var á fjölda ástæðna eftir aldri. Yngsti hópurinn (15 ára og yngri) merkti að meðaltali við tvær og sá næstýngsti við þrjár en eldri hóparnir við fjórar til fimm. Þeir sem voru á aldrinum 26-30 merktu við flestar eða 4,6 að meðaltali. Í töflunni hér fyrir aftan er ástæðunum raðað upp eftir hlutfalli sem merkti við hverja þeirra. Eins og sjá má í töflunni eru helstu ástæðurnar þær að nemendur vantaði áfanga/einingar (eru að stefna á lokapróf) en um 43% merktu við þennan kost. Einnig töldu 41% svarenda að sveigjanleiki í tíma (það að þurfa ekki að mæta á ákveðnum tímum) væri ástæða fyrir fjarnáminu, 38% töldu það þægilegt og 37% að hægt væri að stunda námið með vinnu. Þá nefndu 33% sveigjanleika í staðsetningu að þurfa ekki að mæta á ákveðnum stað og 32% vildu bæta við sig þekkingu.

Tafla 6. Ástæður sem nemendur nefna fyrir því að vera í fjarnámi (% sem velur þegar á heildina er litið í sviga fyrir aftan). Í töflunni er sýnt ef marktækur munur er eftir kyni, aldri, skóla eða búsetu og þá hvaða hópur/hópar skera sig úr.

Ástæða (raðað upp eftir hversu margir velja þegar á heildina er litið)	% alls	Kyn	Aldur ⁸	Skóli	Búseta ⁹
1. Vantar áfanga/einingar	43%		21-25 56%		
2. Sveigjanleiki í tíma - þarf ekki að mæta á ákveðnum tímum	41%		26-40 55%		
3. Það er þægilegt	38%	kvk>kk 40:33%	Grsk 27%		
4. Hægt að stunda námið með vinnu	37%		41-50 66%	VMA 44%	Dreif/erl 43%
5. Sveigjanleiki í staðsetningu - þarf ekki að mæta á ákveðinn stað	33%		Grsk 12%		Erl 59%
6. Langar til að bæta við mig þessari þekkingu	32%		51+ 80%	VMA 40%	
7. Er að flýta fyrir mér í náminu	26%		Grsk 70%	FÁ 32%	Þétt 28%
8. Sveigjanleiki í staðsetningu - þarf ekki að flytja	17%	kvk>kk 18:12%	26-50 24-25%		Erl 42% Dreif 32%
9. Hægt að vera heimavinnandi með náminu (með fjölskyldu, börn)	16%	kvk>kk 19:8%	26-40 37%		
10. Áfangar ekki í boði í mínum skóla	15%		16-20 20%		Erl 2%
11. Áfangar komust ekki í stundatöflu í dagskólanum	15%		16-20 28%		Erl 0%
12. Vil fá betri undirbúning fyrir háskólanám	14%		26-40 23%	VÍ 22%	
13. Get ekki verið í dagskóla (félagslegar ástæður/vandamál)	10%	kvk>kk 12:5%	Grsk 0%		
14. Kostnaður - hefði annars ekki efni á námi	8%		Grsk 0% 16-20 4%		Dreif 13%
15. Fall - þarf að ná áfanganum upp	7%		16-20 17%		
16. Áfangar eingöngu í boði í fjarnámi	6%			VMA 13%	
17. Get ekki verið í dagskóla, veikindi, líkamlegar ástæður	4%				

Kyn, aldur, skóli og búseta hefur áhrif á þessar ástæður, sjá Töflu 6. Í henni er sýnt hvaða hópur velur helst hverja ástæðu þar sem um marktækan mun er að ræða og/eða hvaða hópur sker sig úr. Áberandi er hversu mikill munur var á ástæðum sem merkt var við eftir aldurs- hópum. Gilti það um allar ástæðurnar nema tvær, að geta ekki verið í dagskóla vegna veikinda eða líkamlegra vandamála og að áfangar væru eingöngu í boði í fjarnámi.

Þegar skoðaðar eru helstu ástæður fyrir fjarnámi fyrir hvern aldurshóp (sem 30% merktu við eða hærra hlutfall) þá gilti um grunnskólahópinn (N=95) að hann merkti aðallega við eina ástæðu – að vera að flýta fyrir sér í náminu (70%). Næsti aldurhópur (16-20 ára á hefð- bundnum framhaldsskólaaldri, N=340) merkti helst við fjórar ástæður – að þau vantaði

⁸ Grsk=Grunnskólanemendur.

⁹ Þétt=Nemar sem búa í þéttbýli og/eða í pósthúsi þar sem framhaldsskóli er einnig í nágrenninu; Dreif=nemar sem búa í dreifbýli og/eða byggðakjarna þar sem ekki er framhaldsskóli; Erl=nemar sem búa erlendis.

einingar (44%), sveigjanleika í tíma (35%), það væri þægilegt (35%) og þau væru að flýta fyrir sér í náminu (31%). Helstu ástæður hjá hópnum 21-25 ára (N=216) voru fimm. Þau vantaði einingar (56%), einnig voru margir sem merktu við sveigjanleika í tíma (48%), það væri þægilegt (41%) en þá bættist við sú ástæða að hægt væri að stunda námið með vinnu (40%) og sveigjanleiki í staðsetningu, þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað (38%). Að hægt væri að stunda námið með vinnu var orðin helsta ástæðan í næsta aldurshópi (N=191) 26-40 ára (57%) en helstu ástæður voru sex. Margir einstaklingar í þeim hópi merktu við sveigjanleika í tíma (55%), vantaði einingar (52%), sveigjanleiki í staðsetningu/þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað (43%), það væri þægilegt (43%) eða langaði til að bæta við sig þekkingu (40%). Einnig var nefnt að hægt væri að vera heimavinnandi að sinna fjölskyldu/börnum (37%) enda er þetta aldurinn þar sem fólk er með börn sem þarf að sinna. Hjá næsta aldurshópi (41-50 ára, N=94) var aðalástæðan einnig að hægt væri að stunda nám með vinnu (66%) og voru fimm aðrar ástæður nefndar helst: 57% langaði til að bæta við sig þekkingu, 41% merkti við að það væri þægilegt, 39% vantaði áfanga og 35% merktu við sveigjanleika í staðsetningu – að þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað. Í elsta hópnum (51+, N=50) var orðið langalgengast að fólk vildi bæta við sig þekkingu (80% nefndi þann kost), 66% merktu við að hægt væri að stunda nám með vinnu, 50% að það væri þægilegt og 46% nefndu sveigjanleika í tíma og 32% sveigjanleika í staðsetningu, þ.e. að þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað.

Í úttekt á fjarnámi við FÁ árið 2003 (Ásrún Matthíasdóttir og Unnar Hermannsson, 2003a) voru fjarnemar flokkaðir í þrennt:

- Framhaldsskólanemar sem eru að bæta við sig 1-3 áföngum sem ekki eru í boði í dagskóla eða komast ekki í stundatöflu.
- Eldri nemendur sem eru að hefja nám að nýju og eru flestir á aldrinum 20 - 30 ára. Hluti hópsins stefnir á tiltekið nám og vill undirbúa sig betur, aðrir eru að halda áfram námi til stúdentsprófs þar sem frá var horfið í námi fyrir nokkrum árum.
- Nemendur sem eru að taka einn og einn áfanga sér til gagns og gaman, einskönar tólmstundanám.

Sjá má sömu þrjá hópa endurspeglast í aldursgreiningunni hér fyrir ofan þó hún gefi aðeins flóknari mynd og beri með sér þann sveigjanleika sem eldri aldurshópar þurfa á að halda til að geta stundað vinnu og sinnt fjölskyldu með náminu. Nýr hópur, þ.e. grunnskólahópurinn hefur bæst við síðan 2003. Þeir nemendur eru aðallega að flýta fyrir sér í náminu með því að stunda fjarnámið. Helsta ástæðan á listanum í Töflu 6 sem tengist „tólmstundanámi“ er sú að langa til að bæta við sig þekkingu. Sú ástæða er sjötta algengasta ástæðan, valin af tæpum þriðjungum nemenda og er langmest áberandi hjá elstu aldurshópnum (yfir fertugt) en er hins vegar nær aldrei valin sem eina ástæðan. Þeir sem velja hana merkja við að meðaltali fjórar aðrar ástæður og ber þar hæst sveigjanleiki í tíma (58%), að það sé hægt að stunda nám með vinnu (53%), að það sé þægilegt (53%) og sveigjanleiki í staðsetningu (45%) – að þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað.

Marktækur munur er eftir skólum í nokkrum ástæðum. Tiltölulega hátt hlutfall í VMA (44%) taldi upp ástæðuna að stunda námið með vinnu (á móti 36% í FÁ og 33% í VÍ) og að vilja bæta við sig þekkingu (40% í VMA miðað við 29% í FÁ og 32% í VÍ). Þá var þar einnig tiltölulega hátt hlutfall sem merkti við að áfanginn væri eingöngu í boði í fjarnámi (13%, á móti 6% í FÁ og 3% í VÍ). Á hinn bóginn voru tiltölulega margir sem sögðust vera að flýta

fyrir sér í náminu í FÁ (32% miðað við 24% í VÍ og 15% í VMA) sem stafar líklega af því að engir grunnskólanemar voru í VMA svarendahópnum og tiltölulega margir í elsta hópnum. Þá var tiltölulega hátt hlutfall í VÍ (22%) sem sagðist vilja fá betri undirbúning fyrir háskólanám (miðað við 10% í FÁ og 12% í VMA).

Kynjamunur kom fram í fjórum ástæðum. Kvenkyns svarendur voru líklegri til að merkja við að það væri þægilegt að vera í fjarnáminu (40% vs. 33% af kk. svarendum), að nefna sveigjanleika hvað varðar staðsetningu (bæði til að þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað, 35% af kvk. en 24% af kk.; og að þurfa ekki að flytja, 18% kvk., 12% kk.). Þá voru konur einnig líklegri til að nefna að hægt væri að vinna heima með náminu vegna fjölskyldu/barna (19% af kvk. svarendum, en 8% af kk.).

Varðandi búsetu þá eru helstu ástæður hjá þeim sem búa í þéttbýli og/eða í nábýli við framhaldsskóla (í sama pósthúnum) þær að fólk vantar áfanga/einingar (46%), kann að meta sveigjanleika í tíma (41%), finnst það þægilegt (38%) og gott að geta stundað námið með vinnu (34%). Einnig eru 31% sem finnst gott að þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað og 30% langar til að bæta við sig þekkingu. Þeir sem búa í dreifbýli (og/eða ekki með framhaldsskóla á næsta leiti) nefndu helst að geta stundað námið með vinnu (43%, sveigjanleika í tíma (40%), vantaði áfanga/einingar (38%), langaði að bæta við sig þekkingu (37%), það væri þægilegt (35%), og sveigjanleika í staðsetningu – að þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað (34%) og ekki þurfa að flytja (32%). Sveigjanleiki í stað og tíma var mjög ofarlega á blaði hjá námsfólki erlendis: 59% nefndu sveigjanleika í að þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað og 57% að þurfa ekki að mæta á ákveðnum tíma en 41% að þurfa ekki að flytja. Einnig fannst 43% gott að geta stundað nám með vinnu, 43% að það væri þægilegt og 36% kvaðst vanta áfanga/einingar.

5 Mat á gæðum

5.1 Aðferðir við gæðamat

Í VÍ er tengill á fjarnámsvef skólans sem gerir grein fyrir hvernig fylgst er með gæðum námsins. Þar kemur fram að á vorönn 2008 voru gæði fjarnámsáfanga metin af kennurum með jafningjamatsaðferðum. Könnun á gæðum fjarnáms og fjarkennslu hefur verið lögð fyrir nemendur á haustönn 2008 og á vorönn 2009. Niðurstöður kannana eru birtar jafnóðum á vef fjarnámsins. Samkvæmt viðtali við skólastjóra VÍ er gæðaeftirlit í fjarnáminu ekki formlegt nema í formi kannana um viðhorf til kennslu meðal nemenda sem lagt hefur verið fyrir tvisvar en annmarki á þeirri aðferð er hversu lítið hlutfall nemenda fæst til að svara. Í dagskóla eru kennslukannanir lagðar fyrir í kennslustundum sem tryggir mikla svörun.

Á vef FÁ eru ekki upplýsingar um hvernig staðið er að gæðaeftirliti í fjarnáminu en samkvæmt viðtali við stjórnendur eru lagðar fyrir fjarnema kennslukannanir í lok hvernar annar eins og í dagskóla. Gallinn er eins og í VÍ of lítil þátttaka fjarnema. Í lok hvernar annar skilar fjarnámsstjóri stuttri skýrslu með samantekt á ýmsum upplýsingum um fjarnámshópinn og þar eru birtar tölulegar upplýsingar sem nýttar eru til að bera saman og fylgjast með þróuninni á milli anna og ára. Þessar skýrslur eru birtar á innri vef skólans.

VMA hefur heldur ekki upplýsingar um aðferðir við gæðamat á fjarnámsvef en þar eru birtar niðurstöður úr einni könnun sem gerð var meðal fjarnema á vorönn 2008. Kennslukannanir eru ekki lagðar fyrir fjarnema eins og gert er í dagskóla en niðurstöður dagskólakannana eru birtar á vef skólans. Nýlega hefur skólinn tekið upp gæðamatskerfi sem komið er til framkvæmda í dagskóla og til stendur að nota varðandi fjarnámið líka.

Í úttektinni voru gæði fjarnáms í skólunum þremur metin með tilliti til eftirtalinna þátta. Inntak, skipulag og fleira varðandi framkvæmd fjarkennslu var metið með því annars vegar að taka úrtak fjarnámsáfanga til athugunar og meta námsumhverfið á netinu og hins vegar er byggt á svörum í kennarakönnun. Þá er gerð grein fyrir viðhorfum til gæða, bæði nemenda, kennara og stjórnenda og þar er byggt á könnunum meðal nemenda og kennara og viðtölum við skólastjóra og stjórnendur fjarnáms. Þá var leitað eftir upplýsingum hjá skólunum þremur um brottfall frá námi í fjarnámi og dagskóla svo og því hlutfalli nemenda sem falla á lokaprófum í fjarnámi og dagskóla.

5.2 Mat á netnámi

Til að átta sig skipulagi fjarkennslu og einkennum fjarnáms var útbúinn *Matskvarði fyrir mat á námskeiðum sem kennd eru á netinu* (sjá Viðauka 2). Við gerð listans var hafður til hliðsjónar matskvarðinn *National Standards of Quality for Online Courses* (iNACOL, 2007), þar sem sett eru fram gæðaviðmið til að meta nám á netinu. Samkvæmt kvarðanum sem hér er beitt eru sex þættir metnir:

- Inntak
- Námsgögn
- Skipulag og kennsluhættir
- Námsmat

- Samskipti
- Nýting tækni

Valdir áfangar voru teknir til greiningar með því að fá aðgang að netumhverfi áfanga og leitast við að meta það sem þar var með hliðsjón af matskvarðanum. Reynt var að velja áfanga sem í boði væru í öllum skólum, annars vegar grunnáfanga og hins vegar framhaldsáfanga á mismunandi fagsviðum. Þátttökuskólarnir komu með tillögur um áfanga sem hefðu sérstöðu innan hvers skóla sem teknir voru með í greiningunni. Samtals voru 36 áfangar metnir þar af 13 í FÁ, 15 í VÍ en aðeins 8 í VMA þar sem flóknara reyndist að greina þá áfanga sem studdust eingöngu við tölvupóst. Rúm 60% fjarkennslu í VMA fer fram með tölvupósti en af þeim áföngum sem greindir voru í VMA studdust tveir við tölvupóst en hinir sex notuðu WebCT/Blackboard. Þar sem svo lítið hlutfall áfanga er tekið til greiningar eru niðurstöður fremur til þess fallnar að gefa vísbendingar en að draga megi af þeim víðtækar ályktanir ef þetta væru einu gögnin sem byggt væri á. Þess vegna er í greiningu á þessum þáttum (nema inntaki) líka stuðst við niðurstöður úr könnun meðal fjarkennara og þar sem samræmi virðist í niðurstöðum byggðum annars vegar á greiningu netumhverfis og hins vegar á svörum kennara er óhætt að draga ályktanir með meira öryggi og að niðurstöður séu nokkuð réttmætar.

5.2.1 Mat á inntaki

Þeir þættir sem teknir eru til athugunar eru: Hvort markmið eru sett fram og hvort þar er skýrt hvað nemendur eiga að kunna og geta í lokin; hvort efni og verkefni eru í samræmi við sett markmið; hvort kennsluáætlun er til staðar og hvort þar eru upplýsingar um kennsluáðferðir og tilhögun náms s.s. verkefnaskil og hvort námsgögn, bækur og fleira er gefið upp; og loks hvort vægi lokaprófs og annarra verkefna kemur fram. Greining á þessum þáttum byggir eingöngu á skoðun á námsumhverfi á netinu.

Niðurstöður leiddu í ljós að í 72% af heildinni voru markmið sett á námskeiðsvefinn og í 78% af heildinni var skýrt hvað nemendur áttu að kunna og geta í lokin. Þegar lagt var mat á hvort efni áfanga virtist vera í samræmi við sett markmið reyndust 69% skoðaðra áfanga standast það vel. Í FÁ og VÍ var kennsluáætlun til staðar í öllum tilvikum en 88% í VMA.

Í öllum skólunum koma upplýsingar um námsgögn fram á vef skólanna. Hvað varðar upplýsingar um kennsluáðferðir og námstilhögun höfðu 75% vel gerða lýsingu á þessu á netinu. Greinargerð um verkefnaskil er til staðar í netumhverfi langflestra þeirra áfanga sem skoðaðir voru. Upplýsingar um vægi lokaprófs og annarra verkefna eru einnig til staðar í langflestum tilvikum (sjá Viðauka 2).

Hafa ber í huga að ekki var um marga námskeiðsvefi að ræða og mismargir eftir skólum (8 í VMA, 13 í FÁ og 15 í VÍ). Þessi greining á inntaki gefur þó vísbendingu um að þeir þættir sem voru athugaðir séu almennt í góðu lagi.

5.2.2 Mat á námsgögnum

Hér er athugað hvers konar námsgögn eru notuð. Greining áfanga og svör kennara leiða í ljós sambærilegar niðurstöður varðandi það að kennslubækur eru það námsefni sem mest er notað (yfir 90%) og næst koma kennslubríf frá kennurum (86% í áfangagreiningu og 69% í kennarasvörum). Tenglar í námsefni á netinu eru mikið notaðir og greining á áföngum á

netinu og svör kennara gefa sama hlutfall þar sem 64% nota þetta. Hér er marktækur munur á milli skóla í svörum kennara þar sem 80% kennara í FÁ nota þannig námsefni á meðan hlutfallið er um 55% í VÍ og VMA. Notkun á glærum er vel yfir 50% á heildina í áfangagreiningu og 60% í svörum kennara. Upptökur á hljóði eða tali með eða án skjámynda er alls staðar lítið nýttur möguleiki. Rúm 20% kennara í FÁ og VÍ segjast nota skjáupptökur en einungis 2,5% í VMA sem er marktækur munur; hljóðupptökur mælast 36% í VÍ og 28% í FÁ en 15% í VMA, líka marktækur munur. Talglærur mælast lítið notaðar á heildina lítið bæði í áfangagreiningu og kennarakönnun en þar skera kennarar VÍ sig úr með 36% notkun, FÁ hefur 16% og VMA 2,5% og hér er munur marktækur. Í VÍ segjast líka 20% kennara nota upptökur með gagnvirkri töflu á meðan þetta hlutfall er 8% í FÁ og ekki notað í VMA (hér er munur marktækur). Þá segjast 35% kennara í VÍ nota tengla í kvikmyndabúta á netinu (t.d. Youtube), 30% FÁ kennara en 12% af VMA kennurum og munur er marktækur.

Niðurstaðan er því að hefðbundin námsgögn með rituðum texta eru langmest notuð þegar á heildina er lítið. En þegar könnuð er notkun hljóð- og myndefnis þá er marktækur munur á milli skóla í öllum þáttum þar sem VÍ notar efni af þessu tagi mest en VMA minnst. Samhljómur er í kennarakönnun og niðurstöðu greiningar áfanga hvað þetta varðar.

5.2.3 Mat á skipulagi og kennsluháttum

Hér eru kennsluhættir skoðaðir og sérstaklega athugað hvernig þeir hafa áhrif á möguleika nemenda s.s. til að hafa stjórn á námi sínu og til samvinnu. Yfirleitt standast allir vel þann mælikvarða að brjóta áfangann upp í afmarkaðar einingar og niðurstaða greiningar á netinu og kennarakönnun leiða í ljós nákvæmlega sömu hlutfallstölu þ.e. 94% kennara gera þetta.

Mjög lítið er um að kennsluhættir geri ráð fyrir samvinnu í öllum skólunum, sést varla í áfangagreiningu (3%) en þegar á heildina er lítið segjast 23% kennara beita þannig kennsluaðferðum og ekki er marktækur munur á milli skóla hvað þetta varðar. Tækifæri nemenda til að vinna að sjálfstæðum verkefnum greinist líka lítið í netumhverfinu (6%) en 44% kennara telja að þeir gefi nemendum tækifæri til slíks og munur á milli skóla ekki marktækur.

Nemendur virðast hafa tækifæri til að velja á milli verkefna í VMA ef tekið er mið af áfangagreiningu (25%) en það er ekki sjáanlegt í þeim áföngum sem greindir voru í hinum skólunum. Um 28% kennara í öllum skólum segja þó að nemendur hafi val á milli verkefna (ekki marktækur munur milli skóla). Marktækur munur er hins vegar í svörum kennara um hvort nemendur hafi tækifæri til að fara mishratt í gegnum námsefni: 91% kennara í VÍ telja nemendur fá þennan möguleika, 72% í FÁ en 34% í VMA.

Mat á sýnileika kennara í áföngum á netinu leiddi í ljós að þeir voru nokkuð sýnilegir í 86% tilvika. Í um 44% tilvika voru þeir mjög vel sýnilegir.

Niðurstaðan úr þessum þætti er að skipulagið virtist í góðu lagi varðandi uppbrot efnis í undirþætti. Ástæða virðist til að kennarar þrói fjarkennsluhætti sem byggja meira á samvinnu nemenda, sjálfstæðum verkefnum og vali á milli verkefna svo og leiti leiða eftir atvikum til að gefa nemendum tækifæri til að fara á eigin hraða.

5.2.4 Mat á námsmatsaðferðum

Matsviðmið sem notuð voru við mat á verkefnum voru ekki sýnileg nema í einum eða tveimur af þeim áföngum sem greindir voru en 56% kennara sögðust sýna nemendum þetta. Í 67% áfanga fengu nemendur endurgjöf í formi einkunnna fyrir verkefni sem unnin voru á önninni en kennarasvörin gáfu til kynna að 72%-80% kennara gerðu þetta og ekki var marktækur munur á milli skóla. Persónuleg endurgjöf á verkefni var langmest í VMA miðað við áfangagreiningu (63% miðað við 23% í FÁ og 13% í VÍ). Þegar litið var á svör kennara við þessari spurningu voru hins vegar 62% kennara sem sögðust gefa nemendum persónulega endurgjöf og ekki marktækur munur milli skóla.

Aðgangur að sjálfvirkum krossaprófum mældist 58% í áfangagreiningu og og mjög svipaður eða 62% í kennarasvörum. Hér er marktækur munur á milli skóla þar sem 80% FÁ kennara nota þetta en 53% í VÍ og 49% í VMA. Annars konar gagnvirk próf voru helmingi minna notuð, mældust í kringum 30% bæði í áfangagreiningu og kennarasvörum (munur ekki marktækur eftir skólum). Mjög lítið virtist um það að kennarar gæfu sameiginlega endurgjöf til alls hópsins um unnin verkefni. Loks var þátttaka í umræðum sem hluti af námsmati skoðuð og útkoman var mjög lítil notkun bæði samkvæmt greiningu áfanga á netinu (0-38%) og í svörum kennara (16%). Þarna er marktækur munur á milli skóla í svörum kennara þar sem 24% FÁ kennarar sögðust nota þessa aðferð, 14% VÍ kennara en 10% VMA kennara.

5.2.5 Mat á samskiptum

Greining á áföngum á netinu leiddi í ljós lítil samskipti í flestum áföngum. Athugað var hvort sérstakt svæði væri sett upp fyrir almennar spurningar til kennara. Það var gert í innan við helmingi greindra áfanga en tæp 60% allra kennara segjast gera þetta. Hér er hins vegar marktækur munur á milli skóla þar sem 78% kennara í FÁ segjast hafa svona svæði og 67% kennara í VÍ en 30% í VMA. Í VMA á þessi spurning ekki við nema fyrir þá 40% áfanga sem nota kennslukerfið og þar af leiðandi minnihluta kennara. Það sama á við um það atriði hvort gert sé ráð fyrir umræðuvef fyrir samskipti nemenda og kennara um tiltekin verkefni. Þarna hefði þurft að aðlaga spurninguna fyrir kennara VMA og spyrja hvort þeir notuðu póstlista fyrir samskipti af þessu tagi. Kennarasvörin benda til að yfir helmingur kennara í FÁ (64%) og VÍ (53%) geri ráð fyrir svona umræðusvæði (í VMA segjast 29% hafa þetta). Þegar athugað er hvort gert sé ráð fyrir umræðusvæðum fyrir samvinnuverkefni nemenda sögðust um og yfir helmingur kennara gera það (VMA 59%, VÍ 52% og FÁ 46%) en í greindum áföngum er niðurstaðan 31% (vel gert) en 42% (til staðar). Þó að kennslukerfið sé aðalvettvangur samskipta nemenda og kennara sögðust kennarar í öllum skólunum líka nota mikið venjulegan tölvupóst og einnig síma og Skype forritið til samskipta við nemendur t.d. fyrir munnleg próf í tungumálum.

Niðurstaðan virðist vera sú að um og yfir helmingur kennara geri ráð fyrir samskiptum við hópinn og samskiptum nemenda sín á milli á umræðuvef.

5.2.6 Mat á nýtingu á möguleikum kennslukerfisins

Niðurstaða úr greiningu á möguleikum kennslukerfisins var að einkapósturinn væri mest notaður til samskipta (yfir 80% skv. áfangagreiningu og svörum kennara). Það gæti bent til að samskipti kennara og nemenda séu einkasamskipti kennara við einstaka nemendur og að þeir


kjósi fremur að ávarpa þá í einkaskeytum en á sameiginlegu umræðusvæði hópsins. Þó má vel vera að kennarar noti einkapóstinn til hópsendinga og ef svo er þá væri forvitnilegt að vita af hverju þeir kjósa ekki fremur að senda erindi á allan hópinn á sameiginlegu umræðusvæði. Umræðuvefir voru ekki notaðir í yfir 40% þeirra áfanga sem greindir voru en niðurstöður kennarakönnunar benda til miklu meiri notkunar eða um 80% í FÁ og VÍ þar sem fjarkennslan er byggð á notkun kennslukerfa. Matstæki sem hægt er að nota til að búa til gagnvirk próf og æfingar er næst mest notaða tólið skv. áfangagreiningu og er notað í tæpum 70% áfanga sem metnir voru og um 66% kennara segjast nýta þetta. Athygli vekur hversu fáir nota nafnaskrá nemenda og kennara (e. roaster) þar sem nemendur geta kynnt sig og haft af sér mynd. Þetta er tól sem gefur tækifæri til að efla samkennd og gefa nemendum tækifæri til að kynnast hópfélögum sínum. Nafnaskráin er notuð í um helmingi greindra áfanga í VÍ en kemur ekki fram í FÁ. Í kennarakönnun segjast 33% kennara í VÍ nota hana en 14% FÁ kennara.

Niðurstaðan bendir til að kennarar noti tæknina vel til að skipuleggja og gefa nemendum tækifæri til æfinga og sjálfsprófa en vísbendingar eru um að huga þurfi betur að samvinnu, samræðum og þáttum sem efla samkennd og samhjálp nemenda.

5.3 Viðhorf til gæða kennslu

Í viðtölum við stjórnendur allra skóla kom fram að þeir töldu gæði fjarnámsins í sínum skólum góð og fyllilega sambærileg við nám í dagskólanum. Einnig voru nemendur og kennarar yfirleitt jákvæðir í mati á fjarnáminu og ýmsum þáttum þess. Nánar verður nú greint frá viðhorfum nemenda og kennara til gæða fjarkennslu og samanburði þeirra við kennslu í dagskóla.

Mikill meirihluti fjarnema (um $\frac{3}{4}$) var ánægður með fjarnámið þegar á heildina var litið (35% mjög ánægðir og 40% ánægðir, 99,6% svarhlutfall). Einungis 4% voru óánægðir eða mjög óánægðir. Um fimmtungur taldi sig hafa misjafna reynslu af fjarnámi. Sjá mynd 2. Ekki var marktækur munur á milli skóla hvað varðaði ánægju/óánægju með fjarnámið.



Mynd 2. Ánægja/óánægja fjarnema með fjarnám og nám í dagskóla þegar á heildina er litið. Hlutfall (%) sem velur hvern möguleika.

Nemendur virtust tiltölulega ánægðari með fjarnámið en dagskólann og/eða hafa misjafnari reynslu af dagskólanum. Um 74% þátttakenda gáfu til kynna hversu ánægðir/óánægðir þeir væru með dagskóla ef þeir höfðu einnig reynslu af dagskólanámi á framhaldsskólastigi.

Ekki var marktæk fylgni milli þess hversu mikil ánægja/óánægja var með fjarnám og dagskólanám meðal nemenda. Þegar svör við þessum spurningum voru flokkuð saman (um 74% svarenda svaraði báðum spurningum um ánægju/óánægju með fjarnám og svo dagskóla) kom í ljós að tæpur helmingur af þeim sem svaraði báðum spurningum (49%) var ánægður eða mjög ánægður bæði með fjarnám og dagskólanám. Næst stærsti hópurinn var ánægður með fjarnámið en taldi dagskólanámið misjafnt (23%). Þriðji stærsti hópurinn sem var mun minni var ánægður með dagskólanámið en taldi fjarnámið misjafnt (13%). Mjög fáir voru í öðrum hópum.

Kennarar voru spurðir sambærilegra spurninga, beðnir um að meta hversu ánægðir/óánægðir þeir væru með kennslu sína í dagskóla annars vegar og í fjarnámi hins vegar (91% svaraði báðum spurningum). Svipað mynstur kom fram og hjá nemendum nema töluvert herra hlutfall kennara (78%) var bæði ánægður eða mjög ánægður með kennslu sína í dagskóla og í fjarnámi miðað við helming svarenda í nemendahópnum. Niðurstöður eru sýndar í töflu hér fyrir neðan.


Tafla 7. Ánægja/óánægja fjarnema og kennara með dagskólanám og fjarnám/kennslu. Svör við tveimur spurningum flokkuð saman: Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) ertu. Hlutfall (%) sem svarar jákvætt ☺ (mjög ánægðir/ánægðir), hlutlaust ☹ eða neikvætt (óánægðir/mjög óánægðir) ☹

Ánægja/óánægja nemenda %		Dagskólanám			Ánægja/óánægja kennara %		Dagskólanám		
		☺	☹	☹			☺	☹	☹
Fjarnám	☺	49	23	3	Fjarnám	☺	78	8	0
	☹	13	5	1		☹	9	4	0
	☹	4	1	0,5		☹	2	0	0

Nemendur og kennarar mátu einnig gæði fjarnáms m.t.t. nokkurra lykilþátta (5 punkta kvarði)¹⁰. Á Mynd 3 sést að námsefni, kennsla og námsmat voru tiltölulega hátt metin, bæði af nemendum og kennurum. Einnig mátu nemendur stuðning frá skóla vel.


Meðaltölin fyrir samskipti voru ekki eins há og langlægst þegar nemendur mátu hversu mikil samskipti þeir ættu innbyrðis. Þegar mat nemenda á samskiptum var skoðað nánar þá kom í ljós að um helmingur svarenda (52%) taldi að þau væru misjafnlega mikil eftir kennurum. Um 9% taldi þau mjög mikil og 18% mikil á meðan 13% taldi þau lítil og 8% mjög lítil. Mikill meirihluti svarenda (64%) taldi samskipti við aðra nemendur lítil (22%) eða mjög lítil (44%). Um fjórðungur taldi þau misjöfn eftir námskeiðum en eingöngu 11% mikil (8% mikil og 3% mjög mikil).

¹⁰ Námsefni var metið Mjög gott, gott, mjög misjafnt eftir námskeiðum, lélegt, mjög lélegt. Kennsla var metin: Mjög góð, góð, mjög misjöfn eftir kennurum, léleg og mjög léleg. Samskipti voru metin: Mjög mikil, mikil, misjafnlega mikil, lítil og mjög lítil. Námsmat var metið: Mjög gott, gott, misjafnlega gott, lélegt eða mjög lélegt. Hvernig staðið væri að stuðningi við skóla: Mjög vel, vel, í lagi, illa, mjög illa.



Mynd 3. Mat nemenda og kennara á gæðum fjarnáms m.t.t. námsefnis, kennslu, samskipta, námsmats og stuðnings frá skóla (meðaltöl, 1= lægst/verst, 5 hæst/best).


Í öðrum spurningaflokkum báru nemendur og kennarar saman gæði þátta í fjarnámi/kennslu við gæði sömu þátta í dagskóla á 5 punkta kvarða þar sem 3=svipuð gæði, 1 og 2 voru miklu betri eða betri gæði í dagskóla en hærri tölur (4 og 5) stóðu fyrir betri og miklu betri gæði í fjarnámi. Í ljós koma að bæði nemendur og kennarar höfðu tilhneigingu til að meta gæðin meiri í dagskólanum eins og súluritið á Mynd 4 sýnir. Í aðeins einum þætti – mat nemenda á stjórn á eigin námi/nemendasjálfstæði skoraði fjarnámið hærra en dagskólanámið. Námsfni og námsmat komst mjög nálægt því að vera metið svipað að gæðum í fjarnáminu og dagskólanáminu þó meðaltalið væri aðeins undir 3.



Mynd 4. Samanburður fjarnema og –kennara á gæðum fjarnáms og dagskólanáms varðandi námsefni, kennslu, samskipti, námsmat og stjórn á eigin námi (meðaltöl, 1-2= miklu betri/betri í dagskóla, =3 svipuð gæði, 4-5, betri/miklu betri í fjarnámi).

Mynd 5 sýnir niðurstöður úr ofangreindum spurningum hjá nemendum þar sem fram kemur hversu hátt hlutfall valdi mismunandi svarmöguleika. Í öllum þáttum nema þeim síðast talda kom dagskólanámið betur út. Langmesti munurinn tengist samskiptum nemenda. Um 90% svarenda telur þau vera miklu betri (60%) eða betri (29%) heldur en í fjarnámi, 8% telur


gæðin svipuð en 2% betri í fjarnámi. Um 66-68% svaranda voru þeirrar skoðunar að kennsla og samskipti við kennara væru betri í dagskóla, um 23-26% telja þetta svipað og 8-9% segja að kennslan og samskipti við kennara séu betri í fjarnámi. Minni munur kemur fram varðandi mat á námsefni en helmingur (50%) taldi námsefni svipað að gæðum í fjarnámi og í dagskóla á meðan 36% taldi það betra í dagskóla en 14% að það væri betra í fjarnámi. Þegar spurt var um stjórn á eigin námi og nemendasjálfstæði þá taldi 55% svarenda það vera meira eða miklu meira í fjarnámi, um 27% taldi það svipað og 18% meira í dagskóla.



Mynd 5. Samanburður nemenda á dagskólanámi og fjarnámi varðandi gæði nokkurra þátta (hlutfall sem velur hvert svar).

Ekki var marktækur munur milli skóla í mati nemenda varðandi námsefni, kennslu og samskipti við kennara. Hins vegar var munur á samskiptum nemenda innbyrðis. Munur var ekki mikill en í FÁ voru um 13% sem mátu gæðin svipuð eða betri í fjarnámi miðað við 7% í VÍ og 9% í VMA. Einnig var marktækur munur tengdur stjórn á eigin námi eða nemendasjálfstæði, um 62% taldi þann þátt meiri í fjarnámi í VÍ á móti 54% í FÁ og 48% í VMA.

Mynd 6 sýnir niðurstöður úr sambærilegum spurningum til kennara. Athyglisvert hversu mikill samhljómur var varðandi samskipti nemenda og kennara. Meirihluta bæði nemenda og kennara taldi þau betri eða miklu betri í dagskóla en fjarnámi. Einnig taldi meirihluti í báðum hópum að námsmatið hefði svipuð gæði.




Mynd 6. Samanburður kennara á kennslu í dagskóla og í fjarnámi varðandi gæði nokkurra þátta (hlutfall sem velur hvert svar).

5.4 Viðhorf til námsgreina


Í kafla 3 um kennara hér á undan kemur fram hversu margir þátttakendur kenndu hverja grein. Mynd 7 hér fyrir neðan sýnir hversu vel/illa kennarar telja að gangi að kenna sína námsgrein. Fjarkennurum finnst það yfirleitt ganga vel eða mjög vel. Einna síst virðist ganga hjá

stærðfræðikennurum (50% vel/mjög vel; 50% í lagi), en þó er enginn í þeim hópi sem svaraði að illa gengi. Þá virðist tiltölulega lægra hlutfall mála- (66%) og náttúrufræði/raungreinakennara (68%) telja að gangi vel eða mjög vel að kenna sína námsgrein. Örfáum finnst ganga illa að kenna sína námsgrein og engum mjög illa.




Mynd 7. Mat fjarkennara á hversu vel/illa gangi að kenna sína námsgrein í fjarnámi. Svarhlutfall er 100% nema fyrir félagsgreinar (84%) og 89% upplýsingatækni.

Mun algengara er þó að kennurum finnst betra/auðveldara að kenna sína námsgrein í dagskóla heldur en í fjarnámi þó allmörgum, einkum íslenskukennurum (69%) og félagsgreinakennurum (59%), finnst það svipað eða kostir og gallar við hvort námsform fyrir sig. Um 71% tungumálakennara telur betra/auðveldara að kenna sína grein í dagkóla miðað við 5% sem telur það auðveldara í fjarnámi. Samsvarandi tölur meðal stærðfræðikennara eru 60 og 0% og 52 og 0% í hópi náttúrufræði/raungreinakennara. Tveir list/verkgreinakennarar svara þessari spurningu og telja báðir auðveldara/betra að kenna sína grein í dagskóla. Kennarar voru einnig spurðir hversu vel/illa þeim hentaði að kenna í fjarnámi og hversu þægilegt/óþægilegt þeim fyndist það. Langflestum hentaði það mjög vel (55%) eða vel (34%), 10% fannst það í lagi en eingöngu 1% illa. Að sama skapi fannst 41% svarenda mjög þægilegt að kenna í fjarnámi og 38% þægilegt, en 2% óþægilegt og 1% mjög óþægilegt. Marktæk fylgni var eingöngu tengd stærðfræðikennslu við þessar spurningar. Stærðfræðikennarar höfðu tilhneigingu til að vera neikvæðari í sínum svörum en aðrir kennarar: 39% töldu að það hentaði mjög vel, 33% vel, en 27% í lagi.



Mynd 8. Hlutfall fjarkennara sem telur að betur gangi að kenna sína námsgrein í fjarnámi eða í dagskóla eða að það sé svipað/kostir og gallar¹¹.

Fjarnemar voru beðnir að merkja við hvort þeim fyndist betra að stunda nám í mismunandi námsgreinum í dagskóla eða í fjarnámi (sjá Mynd 9). Allmikil samsvörun var við svör kennaranna. Stærðfræðin skar sig nokkuð úr þar sem tæpur helmingur fjarnema taldi betra að læra stærðfræði í dagskóla en eingöngu 8% taldi það betra í fjarnámi. Þá voru 34% sem taldi betra að læra erlend tungumál í dagskóla en í fjarnámi (vs. 20% í fjarnámi) og samsvarandi tölur fyrir náttúrufræðigreinar voru 30 og 13%. Hærra hlutfall fjarnema heldur en kennara virtist þó taka fjarnámið fram yfir dagskólanámið (sjá svartar súlur á myndum 8 og 9).



Mynd 9. Hlutfall fjarnema sem telur betra að læra námsgreinar í dagskóla eða í fjarnámi.

5.5 Brottfall og prófapátttaka

Í öllum skólunum er fylgst með prófþátttöku nemenda og leitast við að koma í veg fyrir brottfall nemenda enda fá skólarnir einungis úthlutað fé fyrir þá nemendur sem skila sér til

¹¹ Ath.: Fjöldi námsgreinakennara er mjög misjafn og eingöngu 3 þátttakendur sem kenndu list- og verkgreinar. (Nerl=38, Nfél=17, Nísl=13, Nlistverk=2, Nnáttúra=23, Nstær=15, Nuppl=9).

prófs. Margar kennslustofnanir á framhalds- og háskólastigi standa frammi fyrir því að nemendur skrái sig á námskeið en stundi í raun aldrei nám í viðkomandi námskeiði/áfanga (Sólveig Jakobsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frímansdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, 2008). Slíkt brottfall, sem gæti kallast „skráningarbrottfall“, gæti verið meira vandamál í fjarnámi en dagskólanámi. Í fjarnemakönnuninni voru nemendur spurðir hvort þeir hefðu einhvern tímann hætt í fjarnámskeiði sem þeir voru skráðir í. Um 36% svarenda (360 manns) sagðist hafa gert það. Helstu ástæður sem voru gefnar upp voru of mikil vinna með námi (41% af þeim sem höfðu hætt í námskeiði), skráning í of marga áfanga (39%), fjölskylduaðstæður eða veikindi (28%). Um 28% merktu við erfitt námsefni og 23% taldi að það væri of mikið álag í áfanganum. Mun færri eða 16% kvörtuðu yfir að kennsla og skipulag í áfanganum væri ekki gott. Um 8% nefndi að stuðning frá skóla vantaði og 8% að þeir hefðu lent í tæknierfiðleikum.

Í þeim þremur skólum sem úttektin tekur til hefur í gegnum tíðina minnst brottfall mælt í VMA. Í úttekt á fjarnámi þar árið 2003 kemur fram að brottfall hafi yfirleitt verið 20-25% (Ásrún Matthíasdóttir og Unnar Hermannsson, 2003b). Samkvæmt upplýsingum kennslustjóra fjarnáms var brottfallið 24-26% á skólaárinu 2009-2010, miðað við þá sem skráðu sig og gengu frá greiðslum en mættu svo ekki í próf. Í VÍ og FÁ hefur brottfallið verið mælt um 40% (prófabátttaka um 60%). Í skýrslu um fjarnám í FÁ árið 2003 (Ásrún Matthíasdóttir og Unnar Hermannsson, 2003b) var brottfall allt að 60% yfir heildina en mjög misjafnt eftir áföngum. Á vorönn 2010 var brottfall mælt 33% í FÁ og var þetta hlutfall reiknað út frá skráðum einingum 20. febrúar þannig að svonefnt „skráningarbrottfall“ er þá ekki eins stór hluti af reiknuðu brottfalli eins og virðist vera í hinum skólunum. Í VÍ hefur brottfallið frá 2006 verið aðeins breytilegt eftir önnum (frá 22% til 44%) en síðustu annir þó nokkuð stöðugt í kringum 40%. Í VÍ er brottfall reiknað út frá skráðum einingum í upphafi annar og inni í þeim tölum því „skráningarbrottfall.“

Í FÁ gerir fjarnámsstjóri stutta skýrslu í lok hverrar annar þar sem birtar eru tölulegar upplýsingar þ.m.t. um prófabátttöku. Hún er yfirleitt ekki sundurgreind eftir hópum nema hvað grunnskólahópnum er sérstaklega lýst og hefur próftaka þess hóps yfirleitt mælt um og yfir 90% og meðaleinkunn er 7,6 síðustu þrjár annir (vor 2009, haust 2009 og vor 2010). Í sumum skýrslunanna er yfirlit yfir prófbátttöku í öllum áföngum og dreifing einkunna þ.m.t. hlutfall nemenda sem falla á prófi. Þarna eru upplýsingar sem áhugavert væri að samræma og vinna úr yfir lengri tíma. Í VÍ hefur fjarnámstjóri gefið út skýrslu í lok hvers árs frá upphafi fjarnáms (2005) þar sem finna má yfirlit yfir þrjár annir (sumar, haust og vor). Þar koma fram tölulegar upplýsingar m.a. um prófbátttöku en hún er ekki sundurgreind eftir hópum eða námsgreinum og ekki er getið um hlutfall þeirra sem náðu prófum.

Ekki virðist tíðkast að gefa út sérstakar skýrslur um fjarnámið í VMA en upplýsingar eru fengnar úr viðtölum og töluvpóstsendingum frá kennslustjóra fjarnáms.

Í þessari úttekt höfum við ekki fengið samanburð á brottfalli í fjarnámi og dagskóla. Ýmsar fyrri rannsóknir gefa þó til kynna að brottfall sé yfirleitt meira í fjarnámi en dagskóla. Samkvæmt gögnum frá Hagstofunni (2010) var brottfall í framhaldsskólum hér á landi skólaárið 2002-2003 15% í dagskóla en 52% í fjarnámi. Rannsókn meðal kennaranema í

febrúar 2008 sýndi að brottfall meðal staðnema á 1. misseri var 8-26% eftir áföngum en 36-54% hjá fjarnemum (Sólveig Jakobsdóttir o.fl., 2008). Gögn sem aflað var í þeirri úttekt sem hér er til umfjöllunar benda til að dregið hafi úr brottfalli í fjarnámi á framhaldsskólastiginu. Athyglisvert væri að skoða þátt fjarnáms í draga úr brottfalli á framhaldsskólastigi almennt þar sem stór hluti fjarnema eru dagskólanemendur sem nýta sér fjarnámið til að ljúka lokaprófum sem ella myndu hafa tafist.

5.6 Samanburður á prófum og námsárangri í fjarnámi og dagskóla

Um 73% fjarnema svaraði spurningu um hvort þeir teldu að próf í fjarnámsáföngum væru sambærileg við próf í dagskólaáföngum. Mikill meirihluti taldi svo vera (83%). Á sama máli voru fjarkennarar. Um 92% svaraði þeirri spurningu og töldu 94% af þeim að próf í fjarnámsáföngum væru sambærileg við próf í dagskólaáföngum. Ekki var marktækur munur milli skóla. Þeir sem töldu prófin ekki sambærileg voru beðnir um að lýsa nánar muninum og nokkrir svöruðu því. Af þeim sögðu 4 af 9 kennurum að prófabáttur væri stærri í fjarnámi á kostnað verkefnavinnu til að varna því að nemendur gætu látið aðra vinna verkefni sín. Á hinn bóginn var einn sem sagði að fleiri próf væru í dagskóla, annar að próf væru ekki eins fjölbreytt í fjarnáminu og þriðji nefndi að próf í munnlegri færni og hlustun væru auðveldari í dagskóla þar sem nemendur ættu t.d. í basli með hljóðskrár.

Um 75% nemenda svaraði því hvort þeir teldu að frammistaða sín og námsárangur væri að staðaldri betri í fjarnámi eða dagskóla. Um helmingur taldi að frammistaða væri svipuð (48%) á meðan 30% taldi hana betri í dagskóla en 22% betri í fjarnámi. Um 91% kennara svaraði sams konar spurningum um frammistöðu og námsárangur nemenda; 22% þeirra taldi að námsárangur og frammistaða væri að staðaldri miklu betri/betri í dagskóla, 66% taldi hann sambærilegan en 11% betri í fjarnámi. Marktækur munur var á milli skóla, enginn kennari í VÍ taldi frammistöðu nemenda hjá þeim betri í fjarnámi miðað við 16% í hinum skólunum. Rúmur helmingur (53%) VÍ kennaranna taldi frammistöðu nemenda betri/miklu betri í dagskóla en í fjarnámi miðað við 16% í FÁ og 3% í VMA. Benda má á að helmingur fjarnemanna í VÍ var á aldrinum 16-20 ára miðað við um 1/3 í hinum skólunum.

Leitað var eftir upplýsingum um hlutfall falleinkunna hjá þeim hópi sem mætti í próf í dagskóla og fjarnámi. Á vorönn 2010 var hlutfall falleinkunna í VMA 13% í fjarnámi en 9% í dagskólanum. Á árunum 2006 og 2007 mældist þetta hlutfall 32% í fjarnáminu í VÍ. Tölur fengust ekki fyrir dagskólann en hlutfall falleinkunna hefur verið mjög lágt þar. Á hinn bóginn var hlutfall falleinkunna í FÁ skólaárið 2009-2010 mjög svipað í dagskóla og í fjarnámi, þ.e. um 20%.

Forvitnilegt væri að sjá tölur um brottfall í fjarnámi til samanburðar við dagskóla þó að ekki sé hægt að álykta um gæði náms út frá þeim nema með miklum fyrirvörum þar sem nemendahópurinn er ólíkur.

6 Kostnaður, skilvirkni og hagkvæmni

6.1 Kjarasamningar

VMA var fyrsti skólinn á Íslandi sem bauð fjarkennslu á framhaldsskólastigi (árið 1994). Þar hefur verið gerður sérstakur samningur um fjarkennslu og er litið á hann sem hluta af stofnanasamningi VMA og félaga í Kennarasambandi Íslands¹². Samningurinn felur í sér samkomlag um hvernig greitt skuli fyrir fjarkennsluna en einnig er þar nokkuð nákvæmur rammi um fyrirkomulag kennslu og kröfur sem gerðar eru um vinnuframlag kennara og nemenda. Laun kennara eru tengd við fjölda virkra nemenda og kennari er skuldbundinn til að skila þrisvar á hverri önn upplýsingum til kennslustjóra um stöðu verkefnaskila frá nemendum til að hægt sé að fylgjast með fjöldanum sem greiðslan tekur mið af. Greitt er samkvæmt formúlunni: $Nemendafjöldi \times einingafjöldi \text{ áfanga} \times 2$ (sú tala er margfölduð með tímataxta hvers kennara). Nemendafjöldi er reiknaður samkvæmt sérstökum reglum og eru greiðslur til kennara reiknaðar út miðað við skráðan fjölda nemenda. Fyrstu sex vikurnar er greitt fyrir nemendur sem skráðir voru í áfangann í upphafi og síðan miðað við þá nemendur sem teljast virkir sem er reiknað út tvisvar yfir önnina. Síðustu fjórar vikurnar er greiðsla miðuð við þann fjölda sem skilar sér til prófs. Í lok annar er síðan tekið mið af lokayfirliti yfir ástundun nemenda og greiðslur leiðréttar í samræmi við það.

Þegar fjarkennsla hófst við FÁ (2001) var gerður sérstakur samningur á milli skólameistara og kennarafélags FÁ um laun fyrir fjarkennslu. Samkvæmt honum hefur verið greitt fastagjald á hvern kenndan áfanga (10.000 kr.) og viðbót fyrir hverja einingu í áfanganum (5.000 kr.). Kennslan hefur síðan verið greidd samkvæmt umsaminni reikniformúlu sem tekur mið af fjölda nemenda og einingafjölda viðkomandi áfanga og sú tala margfölduð með tímavinnutaxta kennara. Sá taxti hefur tekið mið af meðal-yfirvinnutaxta kennara. Sérstakar reglur gilda um greiðslur ef hópar eru yfir tiltekinni stærð ($N \times E = 90$) sem lækka laun fyrir hvern nemanda umfram t.d. 30 nemendur í þriggja eininga áfanga. Greitt er sérstaklega fyrir próf. Þessi samningur er í endurskoðun og hafa stjórnendur lagt til nýjan samning við kennara sem væntanlega taka afstöðu til hans fyrir haustönn 2010. Þar er gert ráð fyrir að fjarkennslan geti verið hluti af kennsluskyldu kennara en til þess að það sé hægt þarf nýjan kjarasamning.

Af þeim skólum sem úttektin tekur til hófst fjarkennsla síðast í VÍ. Sá samningur sem þar var gerður við kennara var gerður að fyrirmynd samningsins við FÁ. Eins og í FÁ er um að ræða sérstakt byrjunargjald (30.000 kr.), sem var sett þetta hátt til að lyfta greiðslum til kennara sem kenndu fámenna áfanga og síðan er greitt miðað við fjölda nemenda í áfanga og einingafjölda samkvæmt formúlu sem er svipuð þeirri sem notuð er í FÁ. Umsamin laun fyrir tímann voru í upphafi byggð á sérstökum samningi við kennara skólans og þau hafa síðan hækkað í takt við launahækkanir kennara almennt (tölvupóstur frá fjarnámsstjóra 10. júní 2010). Í viðtali við skólustjóra kom fram að hann lítur ekki svo á að kennarar fái greiddan yfirvinnutaxta fyrir kennslu í fjarnáminu þar sem um það gildir sérsamningur.

Fram að þessu hafa engir samningar verið gerðir við Kennarasamband Íslands um fjarkennslu í framhaldsskólum.

¹² Stofnanasamningur um greiðslur fyrir fjarkennslu í Verkmenntaskólanum á Akureyri 2006.

6.2 Vinna og laun kennara – hlutfall yfirvinnu

Kennarar voru spurðir um hvort og hversu mikið hlutfall fjarkennslunnar væri unnið í yfirvinnu. Á heildina sögðu 65% að öll fjarkennsla þeirra eða mestöll væri yfirvinna, 21% að hún væri að hluta í yfirvinnu og 13% að fjarkennsla væri ekki í yfirvinnu. Marktækur munur var á milli skóla hvað þetta varðaði. Um 83% kennara í VMA sagði að öll eða mestöll fjarkennsla væri í yfirvinnu en 69% kennara í VÍ og 48% í FÁ. Á hinn bóginn voru um 19% kennara í VÍ sem sagði að engin fjarkennsla væri í yfirvinnu, en 14% kennara í FÁ og eingöngu 7% í VMA.

Skólameistari FÁ taldi að sú yfirvinna sem kennarar hafi unnið í fjarnámi hafi verið orðin allt of mikil og sagði að undanfarið hafi verið unnið að því að skera hana niður. Af svörum kennara að dæma er hlutfall þeirra sem taka alla eða mestalla fjarkennslu í yfirvinnu nú lægst í FÁ. Meðal kennara í FÁ hefur fjarkennsla verið vinsæl og kennarar verið samningaliprir. Skólameistari telur að margir kennarar vilji gjarna geta haft fjarkennsluna sem hluta af kennsluskyldu og í FÁ er sem fyrr segir verið að vinna að nýjum samningi við kennara til þess að svo geti orðið.

Fram kom í viðtali við skólameistara VMA að greiðsla skólans fyrir fjarkennslu væri meira og minna öll greidd í yfirvinnu þó að einstaka kennarar tækju fjarkennslu sem hluta af stöðu. Þetta er í góðu samræmi við niðurstöður úr kennarakönnun og jafnframt er hlutfall þeirra kennara sem kenna alla eða mestalla fjarkennslu í yfirvinnu hæst í VMA. Skólameistari vill leita leiða til að lækka hlutfall yfirvinnu í fjarkennslunni. Hann telur það vera til mikilla vandræða að ekki hefur verið samið um fjarkennslu í kjarasamningum við KÍ.

Í viðtali við skólastjóra VÍ kom fram að hann er ánægður með þann samning sem í gildi er við kennara um fjarkennslu og þar virðist ekki sérstaklega litið á mikla yfirvinnu kennara sem vandamál. Fjarnámsstjóri sagði að í upphafi hefðu kennarar VÍ ekki sóst sérstaklega eftir því að kenna í fjarnáminu og því hafi þurft að umbuna þeim til að fá þá til að taka það að sér. Þetta hefur þó breyst með árunum (tölvupóstur frá fjarnámsstjóra 10. júní 2010). Fram til þessa hefur það verið stefna VÍ að kenna alla áfanga sem eru í boði þó svo ekki hafi verið nema 1 til 2 nemendur skráðir. Vegna niðurskurðar er nú verið að hverfa frá þessari stefnu og á sumarönn 2010 eru áfangar ekki kenndir nema lágmarksnemendafjöldi sé 10 nemendur.

Í VÍ hafa verið 14-15 nemendur að meðaltali í hverjum námshópi, í FÁ 32 nemendur en í VMA 6-6,5 nemendur. Hópastærð hefur ekki áhrif á laun kennara í VMA. Sjá nánar um hópastærðir í kafla 2.

6.3 Kostnaður miðað við þreyttar einingar

Skólastjórnendur sögðu í viðtölum að erfitt væri að aðgreina rekstur fjarnáms frá rekstri skólanna almennt. Það sé þó hægt að sjá hver sé launakostnaður kennara og þeirra sem sinna eingöngu þjónustu við fjarnámið s.s. stjórnendur fjarnáms. Frá skólunum fengust tölur um kennslukostnað við fjarnámið og verða þær bornar saman en annar kostnaður látinn liggja á milli hluta hér. Skólastjóri VÍ taldi að fjarnám væri miklu ódýrara en dagskólanám þar sem húsnæðið sé svo stór hluti af kostnaði við skólahald almennt. Það sem vegur upp á móti þeim ávinningi er reyndar mikið brottfall í fjarnámi (hefur verið um 40% bæði í VÍ og FÁ) þar sem

kennarar fá greitt samkvæmt fjölda innritaðra nemenda en skólinn fær framlög frá ríki í samræmi við fjölda þeirra sem ljúka prófi (fjölda þreyttra eininga).

Sjórnendur skólanna gáfu upp kennslukostnað vegna fjarkennslu á hvern ársnemanda í fjarnámi en hver ársnemi jafngildir 35 þreyttum einingum. Í FÁ var sá kostnaður um 350.000 kr. á vorönn 2010 samkvæmt því var kostnaður við hverja einingu 10.000 kr. Í VÍ nam kennslukostnaður á hvern ársnema 460.000 kr. á árinu 2009, eða 13.000 kr. á einingu. Í VMA var þessi kostnaður árið 2009 tæpar 700.000 kr. á ársnema sem þýðir að hver eining kostaði tæpar 20.000 kr.

Hlutfall yfirvinnu af kennslukostnaði í VMA er tæp 80% en í VÍ og FÁ fá kennarar greitt samkvæmt sérstökum samningi þannig að kostnaður telst ekki vera yfirvinna. VÍ og FÁ bera sama kostnað af kennslunni hvort sem kennarar taka hana að sér í yfirvinnu eða ekki.

6.4 Tekjur frá ríki

Samkvæmt fjárlögum 2010 er meðalverð á hvern ársnemanda í framhaldsskóla 758.000 kr (*Fjárlög fyrir árið 2010, 2009*). Allmikill munur getur verið á framlagi á hvern ársnemanda eftir framhaldsskólum. Ástæðuna má rekja til hlutfalls verknáms, stærðar skólanna, ýmissa sérverkefna sem þeir sinna o.fl. Í fjárlögum 2010 þar sem framlög á hvern ársnemanda eru sundurgreind eftir skólum kemur fram að FÁ fær 705.000 kr., VMA fær 859.000 kr.¹³ og VÍ 635.000 kr. á hvern ársnemanda¹⁴. Framlög ríkisins fyrir þreytta einingu eru reiknuð samkvæmt flóknu reiknilíkani sem tekur mið af eðli námsáfangi. Þannig eru einingar í verknámsáfangum að jafnaði dýrari en í hreinu bóknámi en gert er ráð fyrir að framlag ríkis sé jafnmikið fyrir hverja námseiningu af sambærilegum toga. Ekki fengust upplýsingar frá skólunum sem greindu sundur framlög til fjarnáms eftir því um hvers konar námseiningar var að ræða.

6.5 Nemendagjöld

Í öllum skólunum er innritunargjald sem nú er ekki endurgreitt eins og tíðkaðist um tíma til að hvetja nemendur til að mæta í próf.

Í FÁ er innritunargjald 8000 kr. en nemendur skráðir í dagskóla þurfa ekki að greiða það. Gjald á hverja námseiningu er síðan 2500 kr. FÁ leggur ekki á sérstakt próftökugjald nema á sjúkrapróf sem kostar 1.500 kr. Nokkrir prófstaðir hafa rukkað nemendur um próftökugjald sem hefur numið frá 500-2500 kr. Greitt er fyrir mat á fyrri námi, frá 2.500 kr. upp í 7.500 kr ef mat er flókið. Nemendur skráðir í dagskóla FÁ þurfa ekki að greiða fyrir mat á fyrri námi.

Í VÍ er innritunargjald 6000 kr. á önn og gjald á einingu 2500 kr. Nemendur skráðir í dagskóla VÍ greiða ekki innritunargjald. Próftökugjald er ekkert ef próf er tekið í Verzlunar-

¹³ Í fjárlögum ársins 2010 kemur fram að hlutfall bóknáms er 97,1% í VÍ, 92,2% í FÁ og 74,7% í VMA. Í VMA er því mun hærra hlutfall verknáms. Starfsdeildir eru einnig í VMA og FÁ en kostnaður á hvern nemanda þar er mun hærri.

¹⁴ Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur kostnað af skólahúsnæðinu sem reiknast u.þ.b. 90 milljónir á ári. Ef bera á saman rekstrarframlag ríkis til skólanna þá er rétt að draga þessa leigu frá og sé það gert verður framlag ríkisins pr. nemanda 578 þúsund vegna ársins 2010 (tölvuskeyti frá skólustjóra VÍ 3.6. 2010).

skólanum en ef próf er tekið annars staðar gæti próftökugjald verið allt að 3.000 kr. Ekki er tekið gjald fyrir sjúkrapróf. Mat á fyrra námi kostar 3000 kr. og hefur stundum verið felld niður ef matið er einfalt. Nemendur VÍ þurfa ekki að greiða fyrir mat á fyrra námi.

Í VMA er innritunargjald er 6000 krónur og gjald á einingu 2500 kr. Ekki er tekið gjald fyrir mat á fyrra námi og heldur ekki prófgjald.

6.6 Niðurskurður framlaga frá ríki

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að dregið verði úr framboði fjarnáms og kvöldskóla um helming og að þjónusta við grunnskólanemendur verði felld niður (*Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010.*, 2009, bls. 256). Þetta merkir að ríkið greiðir ekki lengur fyrir þann kostnað sem framhaldsskólarnir leggja fram vegna grunnskólanemenda í fjarnámi. Grunnskólinn er á forræði sveitarfélaga og það mætti líta svo á að það væri þeirra hlutverk að sjá um framlag til framhaldsskólanna vegna kostnaðar við fjarnám grunnskólanema. Það kom fram í máli skólastjórnenda að þeir töldu að eðlilegt sé að líta svo á að nám á framhaldsskólastigi sé á kostnað ríkisins burtséð frá aldri nemenda sem þar stunda nám.

Niðurskurður á framlögum frá ríkinu kemur þannig fram í þeim skólum sem eru teknir út í þessari matsvinnu að FÁ sem hafði 534 ársnemendaígildi áður hefur verið gert að skera niður um 160 ársnema fyrir árið 2010, og verður miðað við 380 ársnemendur (upplýsingar frá fjarnámsstjóra, 1. júní 2010). VMA hafði framlag fyrir 180 ársnemendur en var gert að skera niður um helming og fær framlag fyrir 90 ársnemendur árið 2010. VÍ hafði framlag fyrir 286 ársnemendur og hefur verið gert að skera niður um helming þannig að eftir standa þá 143 ársnemendur fyrir árið 2010. FÁ hefur brugðist við niðurskurði með því að leggja niður sumarönn í fjarnámi 2010 en VÍ býður áfram fjarnám á sumarönn og var aðsókn mjög mikil. Kvóti VÍ er þar með uppurinn eftir sumarönnina og fjarnámstjóri taldi nokkuð ljóst að ekki yrði hægt að bjóða upp á fjarnám á haustönn 2010 af þeim sökum (tölvupóstur 9. júní 2010). Stjórnendur allra skólanna þriggja lýstu eindregið áhyggjum sínum af þessum niðurskurði. Ekki síst telja þeir þetta geta komið niður á þeim nemendum sem áður hafa flosnað upp úr framhaldsskóla en hafa nýtt þau tækifæri sem fjarnámið býður uppá til að taka upp þráðinn og ljúka prófum úr framhaldsskóla.

Niðurskurður á fjarnámi hefur einnig bitnað á öðrum framhaldsskólum. Í rannsókn á fjarnámi og blönduðu námi í íslenskum framhaldsskólum var rætt við stjórnendur allra framhaldsskóla í landinu og/eða stjórnendur fjarnáms í viðkomandi skólum 2005, 2006 og 2009. Mikil þróun hafði orðið í skólunum varðandi fjarnám og nýtingu kennslukerfa frá árinu 2005. En haustið 2009 lýstu mjög margir stjórnendur áhyggjum af niðurskurðinum og því bakslagi varðandi fjarnám sem hann orsakaði (Jakobsdóttir og Guðmundsdóttir, 2010; Sólveig Jakobsdóttir, 2009).

7 Ábendingar og tillögur um þróun fjarnáms

Niðurstaða matsvinnunnar hefur beint athygli að ýmsum þáttum sem huga þarf að við áframhaldandi þróun fjarnáms í þeim skólum sem tóku þátt í úttektinni. Hér eru settar fram tillögur að úrbótum sem ættu einnig að geta gagnast við þróun fjarnáms almennt á framhaldsskólastiginu.

Fyrst verður vakin athygli á nokkrum styrkleikum sem matið hefur leitt í ljós, þá veikleikum sem ráða þarf bót á, bent er á ógnanir sem gætu staðið þróun fjarnáms fyrir þrífum og loks reifuð ýmis tækifæri sem matsaðilar telja vænleg til að bæta og þróa fjarnámið við skólana þrjá á komandi misserum.

Styrkleikar

- Mikil jákvæðni í garð fjarnáms er áberandi meðal nemenda og kennara og skólastjórnendur lýsa ánægju með fjarnámið og hafa trú á að það sé góður kostur.
- Fjarnámið kemur til móts við mismunandi þarfir stórs nemendahóps sem sækist eftir að komast í nám af þessu tagi.
- Grunnskólanemendur hafa átt kost á að taka áfanga í framhaldsskóla sem hefur gefið þeim tækifæri til náms við hæfi og er í samræmi við stefnu stjórnvalda um fljótandi skólaskil.
- Nemendur sem eru innritaðir í dagskóla í einum framhaldsskóla geta hagrætt námi sínu og flýtt fyrir sér eða unnið upp seinkun með því að taka fjarnám í sínum skóla eða öðrum eftir hentugleikum.
- Möguleiki til að taka staka áfanga í fjarnámi getur auðveldað nemendum að ljúka prófi og þar með dregið úr brottfalli úr framhaldsskólum.
- Nemendur sem hafa hætt í framhaldsskóla eiga þess kost að taka upp þráðinn og ná að ljúka framhaldsskólanámi með vinnu eða skuldbindingum vegna fjölskylduaðstæðna.
- Hópur fólks á miðjum aldri og eldra hefur nýtt tækifæri til að sækja sér menntun gegnum fjarnámið.
- Hægt er að bjóða fólki að taka fjarnám óháð búsetu sem skiptir máli fyrir fólk í dreifbýli og Íslendinga sem búa erlendis.
- Fólk sem vegna aðstæðna, t.d. veikinda á ekki heimangengt á þess kost að stunda fjarnám.
- Sveigjanleiki áfangakerfis framhaldsskólans og fjarnámið vinna vel saman þar sem nemendur geta sett saman námið eftir sínum þörfum.
- Nemendum býðst í meira mæli að hafa stjórn á eigin námi í fjarnámi.

Veikleikar

- Vísbendingar eru um að líklega séu of lítil samskipti á milli nemenda og kennara og allt of lítil nemenda sín á milli. Tækifæri tölvusamskipta eru þarna vannýtt.
- Nemendur virðast fá of lítil tækifæri til að ráða ferðinni í námi sínu, s.s. að velja sér verkefni, og ráða hraða yfirferðar.
- Kennsla í munnlegri færni í tungumálum hefur sums staðar verið vanrækt.
- Seint hefur gengið að þróa kennsluhætti í stærðfræði sem skila árangri.

- Verklegar tilraunir í raungreinum hafa víða orðið útundan.
- Meirihluti nemenda og kennara telur dagskólanámið betri kost en fjarnámið þegar þeir eru beðnir að bera saman gæði nokkurra þátta námsins.
- Þróun fjarnáms sem hluta af skólaþróun er misvel sinnt í skólunum en mikilvægt er að sinna því til að það staðni ekki.
- Það er ekki til neinn kjarasamningur við Kennarasamband Íslands um fjarkennslu sem kannski er veikleiki en þarf þó ekki að vera það. Vegna þessa hafa skólar þurft að semja við sína kennara sem sumum finnst ekki vera ókostur.

Ógnanir

- Fyrst ber að nefna mikinn niðurskurð til skólanna en þeim hefur verið gert að skera niður framboð fjarnáms um helming í VÍ og VMA en eitthvað minna í FÁ.
- Vegna niðurskurðar hefur ríkið nú hætt að greiða framlög fyrir þær einingar sem grunnskólanemendur taka í framhaldsskólum. Vegna þessa hefur VMA hætt að innrita grunnskólanemendur í fjarnám. Hinir skólarnir hafa ekki lokað á þá en óvíst er hvað verður. Skólastjórnendur töldu mikla eftirsjá að þessum hópi, bæði af því að þetta voru duglegir nemendur sem skiluðu sér vel til prófs og stóðu sig vel á prófunum og einnig af því að nám þeirra varð samvinnuverkefni á milli framhaldsskólans og grunnskóla nemendanna. Þarna var búið að rækta samstarf sem gekk vel og fannst mörgum synd að slá á það ekki síst þar sem stefna stjórnvalda hefur verið að auka svokölluð fljótandi skil á milli skólastiga.
- Stjórnendur hafa mestar áhyggjur af þeim hópi nemenda sem er á aldrinum 20-30+ og hefur flosnað upp úr framhaldsskóla á sínum tíma en hefur tekið upp þráðinn og á kost á að ljúka prófum vegna möguleika sem fjarnámið býður. Þessir nemendur eru hluti af stóru vandamáli í íslensku skólakerfi sem er brottfall úr framhaldsskólum og þarna er ein leið sem getur bætt þann skaða að einhverju leyti. Þess vegna er slæmt ef skólarnir geta ekki veitt þessum nemendum aðgang að fjarnámi vegna fjárskorts.
- Sumir hafa áhyggjur af því að stjórnvöld setji samræmdar reglur um skipulag og framkvæmd fjarnáms sem muni geta kæft frumkvæði og þróun sem hefur fengið að eiga sér stað í skólunum án mikilla afskipta stjórnvalda hingað til.
- Ný námsskrá fyrir framhaldsskóla sem gerir ráð fyrir að hver skóli geti skapað sér sína sérstöðu gæti komið í veg fyrir að nemendur gætu valið sér staka áfanga í fjarnámi og fengið þá metna á milli skóla sem hluta af lokaprófi.
- Þeir skólar sem skipuleggja fjarnám á netinu þurfa að vera vakandi fyrir svindli sem allt það efni sem finnst á netinu gerir auðvelt og reikna með að þurfa að kenna nemendum siðareglur í umgengni um netefni. Sömuleiðis vera meðvitaðir um netöryggi nemenda og kennara.

Tækifæri til þróunar

- Þróun tækni einkum varðandi hljóð- og myndsendingar á netinu gefur tilefni til að að efla kennsluhætti, einkum í þeim greinum sem bent er á hér á undan að hafi haft veikleika í framkvæmd fjarkennslu hingað til. Það hefur verið að breytast í sumum skólum en hér eru mikil tækifæri til að efla munnlega færni í tungumálakennslu,

verklegar æfingar í raungreinum og þar fram eftir götunum. Dæmi eru um góðan árangur í stærðfræðikennslu með upptöku kennslu með stuðningi af notkun gagnvirkar töflu.

- Þróun fjarnámsins sem hluta af starfsemi framhaldsskóla og í nánu samspili við dagskólann er spennandi áskorun fyrir skólana.
- Samvinna við háskóla sem sjá um kennaramenntun um starfsþróun kennara á sviði fjarkennslu og nýtingar upplýsinga- og samskiptatækni er vænleg til að styrkja þróun fjarnáms.
- Samvinna skóla um þróun fjarnámsformsins býður upp á tækifæri til að miðla reynslu og hugmyndum. Þar geta skólarnir byggt á góðri samvinnu sem þeir hafa haft sín á milli um praktísk úrlausnarefni í sambandi við innritun nemenda og fleira sem ekki hefur snúist beint um þróun fjarkennsluformsins.
- Aukið samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni gæti styrkt þátttöku dreifbýlisfólks í fjarnámi.
- Mikilvægi þess að þróa upplýsingalæsi nútímafólks er ofarlega á baugi. Fjarnámsskólar ættu að styrkja stöðu sína með því að vekja athygli á því að með því að stunda fjarnám lærist upplýsingalæsi sem eins konar virðisauki. Huga að því að gera þetta meðvitað viðfangsefni.
- Ör þróun í opnum og ókeypis hugbúnaði gæti verið leið til að gera fjarnámið hagkvæmara og þyrfti að huga að því ekki síst á niðurskurðartímum.

8 Samantekt og svör við spurningum

Hér fyrir neðan eru tekin saman svör við þeim spurningum sem lagt var upp með í úttektinni.

Er fjarnámið í samræmi við gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla (2004)?

- Já – þessir þrjú skólar bjóða áfanga í fjarnámi sem eru í samræmi við skilgreinda áfanga á þeim brautum framhaldsskólans sem hver skóli býður fram nám á.
- Fjarnámið hefur þróast í samræmi við verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun frá 2001 (Forskot til framtíðar). Þar er gert ráð fyrir eflingu dreifnáms svo nemendur geti stundað fjölbreytt nám óháð búsetu. Í stefnu ráðuneytisins um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum frá 2005 (Áræði með ábyrgð) er einnig gert ráð fyrir að „stuðlað verði að frekari þróun dreifmenntunar þar sem nám verður óháð stað og stund.“

Hvernig er námið skipulagt með tilliti til samspils við dagskóla?

- Fjarnámið er yfirleitt skipulagt í nánun samspili við dagskólanámið.
- Sömu námskröfur eru gerðar og stuðst við sömu kennslubækur og prófin eru sambærileg.
- Faggreinadeildir bera faglega ábyrgð á sínum greinum í FÁ og VÍ og þar eru almennt sömu kennarar í fjarkennslu og dagskólakennslu.
- Í VMA eru fleiri fjarkennarar utan skólans og þeir eru ekki endilega í samstarfi við fagdeildir sem ekki bera sem slíkar faglega ábyrgð á fjarkennslu.

Hvernig er námsframboðið?

- FÁ býður áfanga á stúdentsprófsbrautum og heilbrigðisbrautum (120-130 áfanga), VÍ á verslunarbraut og stúdentsbrautum (um 150 áfanga) og í VMA á stúdentsbrautum, sjúkraliðabrautum, iðnnámsbrautum og í meistaraskóla iðnsveina (120-130 áfanga).

Hvaða hópar stunda fjarnám?

- Um er að ræða mjög breiðan hóp. Meirihlutinn er konur og er meðalaldurinn milli tvítugs og þrítugs þó aldursdreifingin sé frá þrettán ára og upp úr. Um er að ræða hóp sem er búsettur mjög víða á landinu og erlendis. Töluverður hópur býr í dreifbýli þar sem ekki er framhaldsskóli í sama pósthúsi. Fjarnemarnir dreifast á mjög marga framhaldsskóla þar sem þeir stunda margir dagskólanám. Um fjórðungur stundar nám í öðrum dagskóla (og koma þá úr nær öllum framhaldsskólunum vítt og breitt um landið) en um 10% eru í sama dagskóla.

Hver er þörfin fyrir fjarnám?

- Hinn mikli fjöldi fjarnema sem skráður er við skólana sýnir að mikil eftirspurn er eftir fjarnámi og því væntanlega þörf. Meirihluti nemendanna metur þörf sína fyrir fjarnám mikla eða mjög mikla og telur það hafa mikið hagnýtt og menntunarlegt gildi. Þetta á ekki síst við um konur. En yngsti aldurshópurinn, 15 ára og yngri, telur sig hafa minni þörf fyrir fjarnámið en hinir hóparnir.

- Dreifing nemenda um allt landið, langflesta framhaldsskóla og mjög marga grunnskóla sýnir að mikil þörf er á að veita aðgengi að menntun með sveigjanlegum hætti eins og gert er með fjarnáminu.
- Aðstæður margra nemenda eru þannig að þeir hafa greinilega þörf fyrir mikinn sveigjanleika í námi s.s. vegna vinnu með námi, fjölskylduaðstæðna og barna, veikinda, og félaglegra ástæðna.

Hvernig hentar námið mismunandi hópum?

- Fjarnámið hentar fólki yfirleitt mjög vel og stórum hluta fjarnema finnst þægilegt að stunda fjarnám.

Eru gæði sambærileg við dagskóla? Hvernig eru viðhorf til gæða?

- Skólastjórar og stjórnendur fjarnáms telja að gæði fjarnámsins séu sambærileg við dagskólanám og fjarnámið síst léttara og bæði nemendur og kennarar eru jákvæðir í mati á fjarnáminu. Mikill meirihluti nemenda og kennara er ánægður með fjarnámið.
- Prófin eru sambærileg til að tryggja að gæðin séu sambærileg.
- Meirihluti fjarnema telur að námsmat í fjarnámi sé gott eða mjög gott og að það sé svipað að gæðum í dagskóla og fjarnámi.
- Um helmingur nemenda telur að námsárangur sinn sé svipaður í dagskóla og fjarnámi. Meirihluti kennara telur námsárangur nemenda sambærilegan.
- Meirihluti nemenda er á því að kennsla sé betri í dagskóla en um fjórðungi fannst þetta svipað og lítil hluti taldi fjarnámið betra.
- Rúmlega helmingi kennara fannst kennsla sín svipuð í dagskóla og fjarnámi en tæpum helmingi fannst hún betri eða miklu betri í dagskóla.
- Bæði nemendur og kennarar telja að námsefni í fjarnámi sé gott og nemendur telja það nokkuð svipað að gæðum og í dagskóla.
- Meirihluti nemenda og kennara telja dagskólanám almennt betra en fjarnám hvað varðar samskipti nemenda og kennara.
- Meirihluti nemenda segir samskipti nemenda í fjarnámi vera mjög lítil eða lítil og langflestir nemenda telja þau betri eða miklu betri í dagskólanámi.
- Meirihluti kennara segir samskipti milli fjarkennara vera mjög lítil eða lítil.
- Meira en helmingur nemenda taldi að þeir hefðu meiri stjórn á eigin námi í fjarnámi en rúmum fjórðungi fannst það svipað á meðan tæpum fimmtungi fannst þeir hafa meiri stjórn á námi sínu í dagskóla.

Hvernig eru kennsluhættir og námsgögn í námi á netinu?

- Kennslubækur og kennslubríf frá kennurum er algengasta námsefnið.
- Tenglar í námsefni á netinu eru mikið notaðir til að vísa nemendum á efni.
- Notkun hljóð- og myndefnis (skjáuþtökur, kvikmyndabútar, talglærur o.þ.h.) er ekki mikið notað en mest í VÍ, svólítið minna í FÁ en langminnst í VMA.
- Flestir kennarar segjast gefa nemendum endurgjöf á verkefni sem unnin eru á önninni í formi einkunna.

- Meirihluti kennara í segjast gefa nemendum persónulega endurgjöf á verkefni.
- Tæpur helmingur kennara segja að nemendur fái tækifæri til að vinna að sjálfstæðum verkefnum.
- Um 20-30% kennara segja að nemendur hafi tækifæri til að velja á milli verkefna.
- Marktækur munur er á milli skóla varðandi það hvort nemendur hafa tækifæri til að fara mishratt í gegnum námsefnið mest í VÍ, tölvuert í FÁ en minna í VMA.
- Gagnvirk krossapróf fyrir sjálfsmat nemenda eru mikið notuð mest í FÁ en um helmingur kennara í VÍ og MA nota þau. Annars konar gagnvirk próf eru líka notuð en minna.
- Þátttaka í umræðum er almennt lítið notuð sem liður í námsmati en þó mælist marktækur munur á milli skóla þar sem í FÁ kennarar nota þessa aðferð meira en VÍ og VMA.
- Í greiningu á áföngum á netinu mældust almennt lítil samskipti. Um helmingur kennara segist þó setja upp umræðusvæði fyrir samræður um námið. Hæst hlutfall FÁ kennara virðast nota kennsluhætti sem byggja á samskiptum.
- Mjög lítið er um að kennsluhættir geri ráð fyrir samvinnu nemenda í öllum skólunum.
- Matstæki til að búa til gagnvirk próf er mest notaða verkfærið í kennslukerfinu (ef frá er talinn einkapóstur til samskipta).
- Kennarar nota kennslukerfið vel í sambandi við skipulag og til að gefa nemendum tækifæri til æfinga og sjálfsprófa.
- Vísbendingar eru um að betur þurfi að huga að samvinnu, samræðum og þáttum sem efla samkennd og samhjálp nemenda.

Hvernig er háttað starfsþróun kennara?

- Helmingur kennara hefur engan formlegan undirbúning úr kennaranámi fyrir fjarkennslu en tæpur helmingur hefur tekið einhver námskeið.
- Um fjórðungur kennara hefur reynslu af að vera fjarnemar í kennaranámi.
- Kennarar hafa yfirleitt aðgang að leiðsögn og tækniaðstoð varðandi fjarkennsluna í skólanum, síst þó VMA kennarar.
- Meirihluti kennara hefur átt kost á námskeiði um fjarkennslu áður en kennsla hófst, færri í VMA en í hinum skólunum og ánægja með slík námskeið mælist mest í FÁ.
- Meirihluti kennara nýtir sjálfsnám og stuðning frá skóla og samkennurum til að byggja upp fjarkennslu sína.

Hversu mikið er brottfall?

- Í VMA hefur brottfall verið minnst en þar var 27% brottfall á vorönn 2010 sem var óvenju mikið. Í FÁ var brottfall 33% á vorönn 2010 sem var óvenju lítið. Í VÍ hefur brottfall almennt verið um 40% og var það á vorönn 2010. Ekki er víst að þessar tölur séu sambærilegar þar sem aðferðir sem notaðar eru við útreikning brottfalls eru ekki alls staðar eins.
- Nemendur gefa oftast þá ástæðu fyrir að hafa sagt sig úr áföngum að þeir hafi verið í of mikilli vinnu með náminu og að þeir hafi skráð sig í of marga áfanga. Erfitt námsefni og of mikið álag í áfanganum eru líka ástæður fyrir að nemendur hætta. Lítil hluti (16%) nefnir að skipulag áfangans hafi ekki verið gott.

Hver er kostnaður við fjarnám?

- Erfitt er að aðgreina kostnað við fjarkennslu frá almennri þjónustu skólanna nákvæmlega. Kennslukostnaður er stærsti liðurinn.
- Kennslukostnaður á hverja einingu í fjarnámi er um um 10.000 í FÁ um 13.000 kr. í VÍ og um 20.000 kr í VMA.
- Hópastærð hefur áhrif á kostnað í VÍ og FÁ þar sem stórir hópar eru hagkvæmari en litlir dýrari. Í VMA skiptir hópastærð ekki máli þar sem kennarar frá greitt fyrir hvern nemanda sem þeir kenna.
- Kjarasamningar hafa ekki verið gerðir við Kennarasamband Íslands um fjarkennslu heldur gerir hver skólinn samning við sína kennara. Samningar FÁ og VÍ eru sambærilegir en í VMA er útfærsla samnings með öðru móti.

Heimildir

- Aðalnámskrá framhaldsskóla: *Almennur hluti*. (2004). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Mmal.pdf>
- Ásrún Matthíasdóttir og Unnar Hermannsson. (2003a). *Úttekt á fjarkennslu við Fjölbrautaskólann við Ármúla 2001-200*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/armuli.pdf>
- Ásrún Matthíasdóttir og Unnar Hermannsson. (2003b). *Úttekt á fjarkennslu við Verkmenntaskólann á Akureyri 2001-2003*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjarkennsla.pdf>
- Fjárlög fyrir árið 2010. (2009). <http://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/0594.pdf>
- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010. (2009). <http://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/0001.pdf>
- Guðrún Geirsdóttir, Harpa Pálmadóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sólveig Jakobsdóttir, Þorvaldur Pálmason og Þuríður Jóhannsdóttir. (2007). *Mótun stefnu í fjarkennslumálum hins sameinaða háskóla - Lokaskýrsla verkefnishóps*. Reykjavík, Iceland: Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands. http://www.hi.is/files/asset/stjornsysla/kennslusvid/kennslumidstod/071116_verkefnishopur_um_fjarna_m_lokaskyrsla.pdf
- Hagstofa Íslands. (2010). *Brottfall úr framhaldsskólum eftir kyni, námsári og kennsluformi 2002-2003*. <http://www.hagstofan.is>
- iNACOL. (2007). *iNACOL National Standards of Quality for Online Courses*. <http://www.inacol.org/research/nationalstandards/index.php>
- Jakobsdóttir, S. (2008). The role of campus-sessions and face-to-face meetings in distance education. *European Journal of Open, Distance and E-Learning*, 2008(II). <http://www.eurodl.org/materials/contrib/2008/Jakobsdottir.htm>
- Jakobsdóttir, S. og Guðmundsdóttir, K. H. (2010). "Will you place it there? Development of distance learning and use of learning management systems at the upper secondary level. Í A. Tait og A. Szucs (Ritstj.), *Media inspirations for learning: What makes the impact?. EDEN 2010 Annual conference book of abstracts* (bls. 22). Budapest: European Distance and E-Learning Network.
- Lefever, S., Dal, M. og Matthíasdóttir, Á. (2007). Online data collection in academic research: advantages and limitations. *British Journal of Educational Technology*, 38(4), 574-582.
- Menntamálaráðuneytið. (2001). *Forskot til framtíðar 2001-2003. Verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun*. <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/menntagatt1.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (2005). *Áræði með ábyrgð - stefna menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005-2008*. <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/aredi.pdf>
- Nám að loknum grunnskóla. (2010). <http://framhaldsskolar.menntagatt.is/>
- Sigurbjörg Jóhannsdóttir. (2010). *Landslag fjar- og dreifnáms í framhaldsskólum á árinu 2009*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. http://sibba.is/ftp/mrn/samstarfsnet/fjarnam_haust2009.pdf
- Sigurlaug Kristmannsdóttir. (2008). *Jafningjamat fjarkennara VÍ: Skýrsla fjarnámsstjóra*. Reykjavík: Verzlunarskóli Íslands.
- Sólveig Jakobsdóttir. (2009, 17. nóvember). *Fjarnám og blandað nám í íslenskum framhaldsskólum: Þróun og framtíð?* Erindi var flutt á Hádegisverðarfundum Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM) Reykjavík. http://skrif.hi.is/rannum/files/2009/04/khi_170209taka3.pdf
- Sólveig Jakobsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frímánnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2008). *Fjarnám við Kennaraháskóla Íslands: Skipulag á staðlotum og leiðir til að draga úr brottfalli* (Nr. ISBN 978-9979-793-88-5). Reykjavík: Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf Kennaraháskóla Íslands. <http://www.hi.is/files/skjol/menntavisindasvid/fjarnamsskyrsla.pdf>
- Starfshópur um fjar- og dreifnám. (2007). *Skýrsla starfshóps um fjar- og dreifnám*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. http://bella.stjr.is/utgafur/skyrsla_fjar-dreifnam.pdf
- Steinunn H. Hafstað. (2009). *Lokaskýrsla þróunarverkefnis um fjarkennslu grunnskólanemenda 2008 - 2009: „Hvað ungur nemur – gamall temur“*. Reykjavík: Fjölbrautaskólinn við Ármúla.
- Sölvi Sveinsson. (2009). *Skýrsla um fjarnám í framhaldsskólum vorið 2009*. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.

Viðauki 1. Nánari upplýsingar um kannanir og þátttakendur í þeim

Upplýsingum frá 991 fjarnemum og 127 fjarkennurum í þáttökuskólunum þremur var safnað með spurningalistum á netinu.¹⁵ Þeir voru hannaðar af úttektaraðilum til að fá upplýsingar m.a. um skipulag námsins, námsmat og árangur, viðhorf til gæða fjarkennslu og hvernig fjarnámið hentaði mismunandi námshópum og námsgreinum. Nemendur voru einnig spurðir sérstaklega um þörf fyrir fjarnámið og gildi þess fyrir sig en kennarar um starfsþróun og faglegan undirbúning.

Stjórnendum fjarnáms gafst kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar sem tekið var tillit til áður en kannanir voru sendar út. Þeir sendu einnig út kynningu á úttektinni með tilmælum og hvatningu til beggja hópa um þátttöku. Þeir sem ekki höfðu svarað voru minntir á könnunina, fjarnemar einu sinni og fjarkennarar tvisvar.

Afrit af nemendakönnun er að finna á: <https://ugla.hi.is/K2/eydublad.php?sid=135&fid=3929>

Afrit af kennarakönnun er að finna á: <https://ugla.hi.is/K2/eydublad.php?sid=135&fid=3928>

Boð um þátttöku í fjarnemakönnuninni var send út 14. apríl á 3223 fjarnemanetföng.

Könnunin var opin til 26.apríl. Kennarakönnunin var send út 18. maí á 166 fjarkennara og var opin til 26.maí. Tafla hér fyrir neðan sýnir fjölda í úrtaki og svarhlutfall í hverjum skóla fyrir fjarnema og -kennara.

Fjöldi í úrtaki fjarnema og kennara eftir skólum og svarhlutfall.


Skóli	Nemendur		Kennarar	
	Fjöldi í úrtaki	Svarhlutfall	Fjöldi í úrtaki	Svarhlutfall
FÁ	1816	29%	60	83%
VÍ	916	30%	52	69%
VMA	491	41%	54	76%
Samtals	3223	31%	166	77%

Svarhlutfall hjá kennarahópnum var gott en fremur slakt í nemendahópnum. Því er æskilegt að skoða hvort hópurinn sem svarar hjá nemendum endurspeglar heildarúrtakið m.a. hvað varðar aldur og kyn.

Fjarnemar: Samanburður á svarendur og úrtakinu öllu


Aldursdreifing meðal svarenda endurspeglar vel aldursdreifingu úrtaks (netfangalista allra fjarnema skólanna þriggja) (sjá mynd). Einnig er hlutfall grunnskólanema í FÁ og VÍ svipað í úrtaki (14% í FÁ; 8% í VÍ) og svarendahóp (13% í FÁ ; 10% í VÍ). En engir grunnskólanemar eru í VMA.

¹⁵ K2 í upplýsingakerfi Háskóla Íslands – Uglu. Fjarnámstjórar sendu netfangalista til úttektaraðila. Könnunin var send út sjálfvirk á viðkomandi netföng með upplýsingum um aðgangsorð en gögnum var ekki safnað undir nafni (ekki hægt að rekja svör til einstaklinga). Hver hópur fékk könnun fyrir sig merkt viðkomandi skóla.



Aldursdreifing í úrtaki og í hópi svarenda í könnun meðal fjarnema (hlutfall í hverjum aldursflokki).

Ekki er mikill munur á aldursdreifingu í hópi svarenda og úrtaks né heldur mikill munur á kynsamsetningu (sjá mynd) þó heldur fleiri kvenkyns fjarnemar svari en karlkyns. Það styrkir þá niðurstöðu að líta megi á svarendur sem dæmigerða fyrir úrtakið.



Kynjahlutföll í hópi svarenda í könnun meðal fjarnema og úrtaki í þáttökuskólunum.


Annað sem styrkir þá ályktun að svarendur endurspegli nokkuð vel úrtakið er að ákveðið var að greina innsend gögn þegar þáttökahlutfall var 23% (726 svör). Mjög litlar breytingar voru á niðurstöðum frá þeim hópi miðað við endanlegan hóp svarenda (991 svör). Þekkt er að erfitt getur verið að fá góða svörun í netkönnunum (Jakobsdóttir, 2008; Lefever, Dal og Matthíasdóttir, 2007) og hugsanlega hefur dræm þátttaka fjarnemanna orsakast að hluta til af

Því að vorpróf voru yfirvofandi. Við vonumst því til að svör gefi nokkuð góða mynd af viðhorfum og reynslu fjarnema í skólunum þremur. En a.m.k. er um álit allmikils fjölda að ræða.

Fjarkennarar: Samanburður á svarendur og úrtakinu öllu

Eins og áður greinir var miklu hærra svarhlutfall í kennarakönnuninni heldur en fjarnemakönnuninni (77% miðað við 31%). Við fengum eingöngu upplýsingar um aldursdreifingu kennarahópsins í VÍ en þar var næstum sama aldursdreifing í úrtaki (11% 30 og yngri, 47% 31-50 ára og 42% 51 og eldri) og meðal svarenda (11 % 30 ára og yngri, 49% 31-50 ára og 40% 51 eða eldri).

Kynjahlutföll svarenda endurspegluðu nokkuð vel hlutfall í svarendahópum í skólunum þremur (sjá mynd) þó einhverjar sveiflur væru milli skóla.



Kynjahlutföll í hópi svarenda í könnun meðal fjarkennara og úrtaki í þáttökuskólunum.

Viðauki 2. Matskvarði til að meta gæði námskeiða á neti og heildarniðurstöður

Við gerð matskvarðans var hafður til hliðsjónar gæðastaðallinn *National Standards of Quality for Online Courses* sem gefinn er út af National American Council for Online Learning (NACOL) sem viðurkenndur var árið 2007 af samtökunum International Association for K-12 Online Learning (iNACOL). Atriði voru metin á eftirfarandi hátt: Vantar = 0, Til staðar=1, Virðist gott/vel gert/nýtt =2.

	Greining 36 vefja		Svör 127 kennara %
	Virðist gott/vel gert (2) %	Til staðar (1+2) %	
Skólar: FÁ, VÍ, VMA			
Námskeið: 36 (greining vefja) einnig svör 127 fjarkennara			
Inntak			*
Markmið koma fram	72	72	
Í markmiðum kemur fram hvað nemendur eiga að kunna og/eða geta við lok áfanga	78	78	
Virðist efni áfanga og verkefni í samræmi við sett markmið?	69	69	
Upplýsingalæsi og samskiptafærni eru hluti af markmiðum í áfanganum	11	31	
Kennsluáætlun til staðar	94	97	
Í kennsluáætlun - lýsing á áfanga	61	67	
Upplýsingar um námsgögn	78	86	
Kennsluaðferðir, námstillhögun	75	86	
Verkefnaskil	94	94	
Vægi lokaprófs og/eða annarra verkefna	86	89	
Skýrt hvaða námsgögn liggja til grundvallar, bækur og fleira	92	94	
Athugasemdir, inntak			
Námsgögn			
Kennslubækur	97	97	84
Náms/kennsluefni eftir kennara (t.d. hefti)	17	22	46
Tenglar í kvikmyndabúta (t.d. Youtube)	3	3	26
Tenglar í annars konar námsefni á Netinu	64	69	65
Athugasemdir, námsgögn			
Skipulag og kennsluhættir			
Áfanginn er brotinn niður í afmarkaða námsþætti miðað við tíma eða efni (s.s. vikuáætlanir eða þemu)	94	100	94
Kennari setur inn kennsluefni (innlagnir) með reglulegu millibili (vikulega, á 10 daga fresti o.s.frv.)	83	89	61
T.d. Kennslubréf í textasköllum (word)	86	100	69
Glærur	53	56	60
Talglærur	8	8	17
Skjáupptökur	11	14	16
Upptökur með gagnvirkri töflu	6	6	9
Hljóðupptökur (d. mp3, wma skrár)	6	6	26
Kennsluhættir gera ráð fyrir samvinnu nemenda (umræðum og/eða hópvinnu)	3	3	23
Nemendur hafa tækifæri til að vinna að sjálfstæðum verkefnum í tengslum við námsefnið (t.d. vefleiðangrar eða lausnarmiðuð verkefni)	6	8	44
Nemendur hafa stundum val á milli verkefna	8	11	28
Nemendur geta ráðið í hvaða röð þeir fást við viðfangsefni í áfanganum			38

Nemendur geta farið misjafnlega hratt í gegnum námsefnið	3	8	65
Sýnileiki kennara, mynd	44	86	*
Athugasemdir, skipulag, kennsluhættir			
Námsmat			
Þau matsviðmið sem notuð eru við námsmat eru aðgengileg á vefsvæðinu	6	14	56
Þátttaka í umræðum eru hluti af námsmati	14	19	17
Er jafningjamat í gangi?	0	0	1
Lokapróf, gert ráð fyrir		94	93
Hversu stór hluti af námsmati (%)		Meðaltal: 71%	
	100%	6	7
	76-99%	28	31
	51-75%	56	47
	26-50%	8	24
	1-25%	0	2
0% (ekki gert ráð fyrir)		6	7
Gert er ráð fyrir símati til að leggja mat á stöðu nemenda	47	64	35
Aðferðir við símat:			
Endurgjöf frá kennara í formi einkunna fyrir verkefni unnin á önninni	67	67	77
Kennari gefur nemendum persónulega endurgjöf á verkefni í vinnslu t.d.ritgerðir	22	28	62
Kennari gefur nemendum sameiginlega endurgjöf t.d. á umræður um tiltekið efni	3	6	8
Sjálfvirk krossapróf	58	58	62
Nemendum býðst tæki til sjálfsmats í formi gagnvirkra prófa	28	31	32
Athugasemdir, námsmat			
Samskipti			
Sérstakt svæði er fyrir almennar spurningar til kennara	42	67	59
Umræðusvæði er notað fyrir samskipti nemenda og kennara um tiltekin verkefni	28	50	50
Umræðusvæði er notað fyrir samræður nemenda um verkefni	31	50	43
Annars konar samskipti (út fyrir kerfið s.s. sími, skype,..?, tilgreina hvað ef til staðar)			52
Athugasemdir, samskipti			
Möguleikar WebCT/Blackboard í notkun:			
Dagatalið	58	86	67
Umræðuvefur	56	89	69
			Fjöldi umræðuvefja
			Athugasemdir um notkun umræðuvefja (hvernig/hversu mikið)
Tilkynningar (announcements)	39	83	69
Matstæki (assessments)	69	83	66
Verkefnaskilabox (assignment dropbox)	28	50	50
Námsþættir (learning modules)	33	58	44
Einkapóstur (mail)	86	94	82
Textaspjall í rauntíma (chat)	39	64	17
Talsamband í netsíma (pronto)	0	0	1
Nafnaskrá (Roster)	22	28	17
Hver er á línunni (Who's online)	58	75	37
Athugasemdir, WebCT/Blackboard			
Tækni - almennt			
Í áfanganum eru möguleikar netmiðilsins nýttir til hins ítrasta og námsefni aðgengilegt á fjölbreytilegu formi t.d. myndir,talglærur, skjáupptökur, upptökur með gagnvirkri töflu, hljóðupptökur, myndupptökur	47	83	

Viðmið um þá tæknifærni sem þarf til að taka þátt í námskeiðinu eru tilgreind	0	8
Í áfanganum eru notuð viðeigandi verkfæri og hugbúnaður miðað við inntak námskeiðs	50	83
Möguleikar til að hafa samskipti s.s. deila spurningum, verkefnum og niðurstöðum með öðrum innan kerfis.	39	72
Athugasemdir, tækni alm		

Annað?

*Kennarar ekki spurðir um inntak í könnun eða sýnileika sinn.